



Bréfa- og málasafn 1949-1950

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Efnahagsmál – Ríkisútlit – Jónas Þorbergsson – Elías Þorsteinsson – Söluviðstöð Hraðfrystihúsanna

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-16, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Frá

Vidskiptamálaráðuneytinu.

ing sparisjóðs -
bankans 30/9'52 - 31/12'53

	<u>Þús. kr.</u>	<u>Breyt. í % af</u> <u>aukna.</u>
1. Landbrúnaður	9.119	32.5
2. Sjávarútvegur	÷ 42	÷ ...
3. Væðing		
a. Kaupmenn	13.927	49.7
b. Samvinnufélög	÷ 5.116	÷ 18.2
c. Ríkiseinkasölu	0	0
4. Fónaður	6.386	22.8
5. Byggingar	1.879	6.7
6. Samgöngu	÷ 7	÷ ...
7. Ríkissjóður	÷ 1.516	÷ 5.4
8. Bæjar- og sveitunefélög	÷ 150	÷ 0.5
9. Sparisjóðir	÷ 64	÷ ...
10. Ýmislegt	3.622	12.4
<u>Allt</u>	<u>28.038</u>	<u>100.0</u>

Útlánaaukning sparisjóðs -
deildar Búnaðarbankans 30/9'52 - 31/12'53

	<u>kr. kr.</u>	<u>Breyt. í % af</u> <u>aukna.</u>
1. Landbúnaður	9.119	32.5
2. Sjávarútvegur	÷ 42	÷ ...
3. Verslun		
a. Kaupmenn	13.927	49.7
b. Samvinnufélög	÷ 5.116	÷ 18.2
c. Ríkiseinkasölu	0	0
4. Fónaður	6.386	22.8
5. Byggingar	1.879	6.7
6. Samgöngu	÷ 7	÷ ...
7. Ríkissjóður	÷ 1.516	÷ 5.4
8. Bæjar- og sveitunefélög	÷ 150	÷ 0.5
9. Sparisjóðir	÷ 64	÷ ...
10. Ýmislegt	3.622	12.4
<u>Alto</u>	<u>28.038</u>	<u>100.0</u>



Frá

Viðskiptamálaráðuneytinu.

Heildarútlán Búnaðarbanka Íslands
og sjóða á hans vegum.¹⁾

	30/9 '52		30/6 '53		31/12 '53	
	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%
1. Landbúnaður	94.712	53.8	117.616	56.5	140.506	58.1
2. Sjúvarútlvegur	2.540	1.4	2.053	1.0	2.498	1.0
3. Væðun						
a. Kaupmenn	15.125	8.6	19.208	9.2	29.052	12.0
b. Samvinnufélög	6.427	3.7	6.342	3.0	1.311	0.5
c. Ríkiseinkesölur	0	0	0	0	0	0
4. Fjárnáður	19.619	11.2	22.408	10.8	26.005	10.8
5. Byggingar	10.719	6.1	12.798	6.1	12.673	5.2
6. Samgöngur	1.015	0.6	1.130	0.5	1.008	0.4
7. Ríkissjóður	2.493	1.4	3.128	1.5	2.352	1.0
8. Bójar- og sveitarfél.	8.159	4.6	8.148	3.9	7.920	3.3
9. Sparisjóðir	64	...	4	...	0	0
10. Ljúslegt	15.033	8.6	15.498	7.5	18.626	7.7
Alls	175.906	100.0	208.333	100.0	241.951	100.0

1) þ.e. Rættunarsj., Byggingarsj., Viðlagarsj., Nýbýla-sj., Smábýladeild og veðdeild Búnaðarbankans

Alh. safn E.S.
Förstöðu og skipan

TRÚNAÐARMÁL

15. október, 1953

Fjáröflun og peningamál

I. Yfirlit yfir ráðstafanir í peningamálunum

1. Ráðstafanir, sem gera má með samningum við Landsbanka Íslands:
 - a) Breyting vaxta. Lækkun innláns- og útláns-vaxta.
 - b) Verzlun með verðbréf. Semja má við Landsbankann um það, að seðlabankinn verzi með verðbréf Veðdeildarinnar og Framkvæmdabankans við almenning, og að sú verzlun verði framkvæmd í samráði við bankamálaráðherra.

2. Ráðstafanir, sem semja má um við alla verzlunarbanksana:
 - a) Samræming vaxta við vexti Landsbankans.
 - b) Útlán til íbúðabygginga.
 - c) Breyting veðlána í afborganalán.

3. Ráðstafanir, sem hægt er og ráðlegt er að gera nú þegar með lögum:
 - a) Skattfrelsi sparifjárinnstæðna.
 - b) Skattfrelsi verðbréfa Veðdeildarinnar og Framkvæmdabanka Íslands.
 - c) Varðveizla opinberra sjóða, sjóða almannatrygginganna, hvers konar tryggingarfélaganna og eftirlaunasjóða, í opinberum verðbréfum (t.d. 95% aukningar slíkra sjóða). Banna að slíkar aðilar eignist fasteignir umfram það, sem þeir þurfi til starfsemi sinnar (að fengnu samþykki ráðherra).

Athugasemdir

Takist ekki að ná viðhlýtandi samningum innan hæfilegs tíma við þá aðila, sem um ræðir undir 1) og 2), er hægt að framkvæma þessar ráðstafanir með lagasetningu. En slíkt er órþrifaríð. Ef til væri almenn bankalöggjöf og ábyrgt yfirvald, sem stjórnæði peningamálunum samkvæmt henni, væri framkvæmd þessara ráðstafana tiltölulega auðveld, hver svo sem árangurinn annars yrði. En að sjálfsögðu er ekki hægt að sjá fyrir afleiðingarnar í hverju atriði.

II. Ráðstafanir í peningamálum

Málefñasamningur ríkisstjórnarinnar

Af þeim átta atriðum, sem talin eru upp í málefñasamningi hinnar nýmynduðu ríkisstjórnar, fjallar a.m.k. helmingurinn beinlínis um peningamál og öll hin, nema eitt, meira og minna um sama efni. Í þessari upptalningu er sementsverksmiðjan þó ekki talin sérstaklega. Þá er þess að gæta, að árin 1952 og 1953 eru í rauninni mikil og batnandi góðæri, án þess að þetta hafi í för með sér, að þjóðin eignist hæfilegan gjaldeyrisforða til að mæta skakkaföllum, sem óhjákvæmilega koma. Af þessu hvorttveggja leiðir, að það hefði verið brýn nauðsyn að taka peningamálin til rækilegrar athugunar einmitt nú. En hér verður að nægja að ræða helztu ráðstafanir, sem þarf að gera eða kemur til mála að gera vegna aðkallandi vandamála.

Fjárbörfin

Samkvæmt málefñasamningnum er fjárbörfin tvennskona. Í fyrsta lagi vantar fé til framkvæmda. Það helzta, sem þarf fé til í dag, er talið hér á eftir.

- a) Til sementsverksmiðju; alls um 80 m. kr. Þar af vantar innanlands um 40 m. kr.
- b) Til framkvæmda í raforkumálum; kringum 25 m. kr. á ári. Þar af þarf utan fjárlaga 14 m. kr. Auk þess er gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin beiti sér ekki fyrir lánsútleiðunum, nema til sementsverksmiðjunnar, fyr en Rafmagnsveitum Ríkisins og Raforkumálasjóði hefir verið tryggt lánsfé að upphæð samtals 100 m. kr.

c) Fé til íbúðabygginga; ótiltekin upphæð. Hinsvegar á að leysa það vandamál, til frambúðar, hvernig eigi að leggja fram nægilegt fé til lána út á íbúðir.

Í öðru lagi á að greiða fyrir rekstrarlánunum.

a) Til framleiðslu landbúnaðarafurða.

b) Til iðnaðar. Á að koma fastri skipan á þær lánveitingar.

Allt eru þetta stórmál. Framkvæmdir í raforkumálum munu ná yfir allt kjörtímabilið og lengur (10 ár). Svipað er að segja um sementsverksmiðjuna, sem myndi taka meiri hluta kjörtímabilsins, þótt nægilegt fé væri fyrir hendi strax í dag.

Vandamálið um rekstarlánin er að mestu leyti skipulagsatriði. Í inngangi málefnasamningsins segir, að ríkisstjórnin telji nauðsynlegt að tryggja jafnvægi í efnahagsmálunum inn á við og út á við. Með tilliti til þess ástands sem nú ríkir, er augljóst að ekki er hægt að auka útlánastarfsemina í heild frá því sem nú er. Ráðstafanirnar hljóta því að beinast að því að koma útlánunum í hagkvæmara form en hingað til.

III. Fjármagn til sementsverksmiðju og rafmagnsframkvæmda

Almennt

Fjár til þessara forgangsframkvæmda má afla á fernan hátt: með erlendum lántökum, með því að taka sparifé landsmanna að láni, með sköttum og með því að gera nýja peninga. Til greina koma aðeins hinar þrjár fyrst nefndu leiðir, þar sem ekki er hægt að viðhalda núverandi ástandi á innflutnings- og gjaldeyrisverzluninni, hvað þá bæta, ef gripið væri til hinnar fjórðu. Erlent fé er ekkí hugsanlegt að fá, nema í nokkurn hluta kostnaðarins. Og lítið er hægt að taka með sköttum. Það sem á vantar verður því að takast af sparifé landsmanna.

Sparifé landsmanna leggst fyrir aðallega á þrennan hátt: í sparisjóðsdeildir bankanna, sparisjóðina og sérstaka sjóði (sjóði almannatryginganna, váttryggingarféлага, lífeyrissjóði o.s.frv.). Síðastnefndu sjóðirnir eru að jafnaði geymdir í bönkunum, en eru undir stjórn sjálfstæðra aðila, sem oft lána út úr þeim beint. Þótt ríkisstjórnin og alþingi kunni að ákveða - og nú hafi ákveðið - að tilteknar framkvæmdir skuli hafa forgang fyrir öðrum framkvæmdum, er þar með ekki sagt að sparifé landsmanna sé tiltækt til þess að greiða kostnaðinn við þær. Ráðstöfun fjárins er á valdi bankanna, sparisjóðanna og ýmissa sjóðstjórna. Það ráð, sem í flestum löndum er notað til þess að fá þá, sem umráð hafa yfir sparifé, til að leggja það fram í tilteknu augnamiði, er að bjóða þeim verðbréf með betri kjörum heldur en sparisjóðir bjóða. Sparisjóðsvextir eru yfirleitt lægri en verðbréfavextir, þar sem á sparisjóðum er það geymt algjörlega áhættulaust. En af þeim ástæðum má fá nokkurn hluta þess með verðbréfasölu, ef verðbréfavextirnir eru hæðir hærri en sparisjóðsvextirnir. Annað skilyrði þess að hægt sé að selja verðbréf er það, að verzlun með verðbréf sé samilega greið (að þau séu samilega liquid). En það þýðir að eigandi verðbréfa geti selt þau hvenær sem er, á því gangverði, sem svarar til raunverulegra vaxta á hverjum tíma. Verðbréfaeigandinn tekur á sig áhættu af vaxtabreytingum, og á ekki að þurfa að taka aðra áhættu (þegar um ríkistryggð verðbréf er að ræða). Því miður er sú hugmynd all útbreidd á Íslandi eins og stendur, að verðbréfaeigandi sé maður, sem hefir verið narraður til að festa peninga sína í óseljanlegum hlut.

Eini aðilinn, sem getur tekið á sig að tryggja verðbréfa-verzlunina til langframa, er seðlabankinn. Það er alltaf vandamál, hve langt má ganga í útgáfu verðbréfa og verzlum með þau, án þess að breyta vöxtum.

En til mikils er að vinna, því að með öruggum verðbréfamarkaði skapast venjur, sem eru hagstæðar fyrir efnahagslegar framfarir þjóðarinnar.

Þá er og nauðsynlegt að þeir, sem ráða yfir hinum sérstöku sjóðum, ávaxti fé í góðum verðbréfum og leggi niður eigin banka- starfsemi. Er nauðsynlegt að stefna að afturhvarfi til fyrri síða í þessu efni. Ef ekki er tími til að bíða eftir heilbrigðri breytingu í þessu máli, má flýta henni með því að setja lög, sem beinlínis bjóði að aukning eigna (nánar skilgreindra) sjóða skuli varðveitt í tilteknum tegundum verðbréfa (t.d. 95% hennar).

Til þess að verðbréfaerzlun geti dafnað, þarf það skilyrði og að vera uppfyllt, að hæfilega mikið leggist fyrir af spari fé. Eins og stendur er útlitið mjög hagstætt. Sparifé banka og sparisjóða hefur aukizt sem hér segir:

	<u>M. kr.</u>
1950	16
1951	16
1952	92
1953 (9 mán.) rúml.	140

Ráðstafanir

Þar sem framkvæmdageta þjóðarinnar veltur að langmestu leyti á söfnun sparifjár, er mikið vinnandi til að auka sparifjár- söfnunina. Ráðstöfun sú, sem gerð var í fyrravor, að hækka vexti af sparifé, var æskileg frá þessu sjónarmiði. En hitt hefði verið langtum betra og skynsamlegra að ívilna þeim, sem vildu kaupa verð- bréf, með því að bjóða til sölu verðbréf með hæfilega háum vöxtum.

Sparisjóðsvextir eru nú allt upp í 7%. Þetta eru allt

of háir.vextir; $4\frac{1}{2}\%$ eru nógu háir vextir af sparifé, sem liggur áhættulaust í bönkum og sparisjóðum. Ef farið er inn á þá braut að gera spariféð skattfrjálst, þá eru 4% nógu háir vextir.

Á hinn bóginn er nauðsynlegt að hafa á boðstólum að staðaldri verðbréf með hærri vöxtum en þetta, 4%. Það ýtir undir að menn kaupi verðbréf og festi þá féð frekar til lengri tíma. Auk þess sem þetta er þá leið til þess að fá sparifé til ýmsra gagnlegra hluta (forgangs framkvæmda) án þess að þvingunum sé beitt.

Af ástæðum, sem raktar verða nánar síðar, væri heppilegt að hafa á boðstólum tvönnskonar verðbréf, hvorttveggja skattfrjáls eins og sparifé. Framkvæmdabankinn gefi út verðbréf til 10 og jafnvel 15 ára, með $5\frac{1}{2}$ - 6% vöxtum og Veðdeildin til 20 til 30 ára með 6 - $6\frac{1}{2}\%$ vöxtum. Til mála kemur einnig að Framkvæmdabankinn gefi út verðbréf til enn skemmri tíma (t.d. 5 ára), þar sem hann hefur engan annan aðgang að sparifé landsmanna.

Ráðstafanir, sem þarf að gera til þess að hægt sé án þvingana að fá sparifé landsmanna til hinna nauðsynlegru forgangsframkvæmda, með verðbréfasölu, eru þá þessar: Alþingi samþykkir lög um skattfrelsi sparifjár og verðbréfa, sem Framkvæmdabanki Íslands og Veðdeild Landsbanka Íslands gefi út. Ráðstöfun Landsbankans frá 1. apríl 1952, um breytingar á innlánsvöxtum og útlánsvöxtum, gangi að öllu leyti til baka, nema að vextir af sparifé, sem allt sé með mánaðar uppsagnarfresti (að nafninu til), séu 4%.

Hér vaknar sú spurning, hvort núgildandi lög nægi til þess, að allar ^fþrjár peningastofnanir verði að fylgja í kjölfar Lands-

bankans. Vandinn við að fyrirskipa ráðstafanirnar ~~verðbréfa~~ með lögum er sá, að enga breytingu er þá hægt að gera á þeim, nema með lagabreytingum, hve smávægileg sem hún er.

Þá þarf einnig að setja lög um það, að þeir, sem taka við peningum, þannig að þeir leggist fyrir hjá þeim í sjóði, skuli ávaxta þetta fé í almennum verðbréfum, eða t.d. 95% þess. Það mundi þurfa að setja ákvæði, sem skilgreini sjóðina og hvað skuli kallast almenn verðbréf.

Þá þarf enn fremur að semja við stjórn Landsbankans um það, að hún taki að sér nauðsynlegar framkvæmdir í peningamálunum, að svo miklu leyti sem hún hefur heimild til þeirra, en ekki skyldu. Þetta þýðir fyrst og fremst, að hún efli verðbréfamarkaðinn. Það getur hún gert með því að halda ákveðnu gengi á verðbréfum Veðdeildarinnar og Framkvæmdabankans. Verð á öðrum verðbréfum myndu svo laga sig eftir því ástandi. Lítið brot af útlánaaukningu Landsbankans hefði nægt til að tryggja greiða verzlun með umrædd verðbréf undir þeim skilyrðum, sem gert er ráð fyrir (ef þá nokkurs hefði þurft með).

Þær ráðstafanir, sem hér hefur verið gert ráð fyrir, myndu sennilega nægja til þess að afla fjár til sementsverksmiðjunnar og rafmagnsframkvæmdanna, til viðbótar því, sem nú þegar er vitað um að muni verða handbært (hjá ríkissjóði, Framkvæmdabankanum o.fl.). Auk þess myndi nokkurt fé fást til útlána til íbúðabygginga, og verður rætt um það hér á eftir. Breyting á vöxtum myndi um leið binda endi á það óþægilega fyrirkomulag, sem nú á sér stað, að í mörgum tilfellum séu innlánsvextir bankanna hærri en útlánsvextirnir.

IV. Fjármagn til íbúðabygginga

Húsnæðisbörfin

Astandið í húsnæðismálunum er þannig, að mikil eftirspurn er eftir húsnæði sökum fólksfjölgunar annars vegar og pólitískra óska um útrýmingu lélegs húsnæðis hins vegar. Hjónabönd eru um 1200 á ári og hjúskaparslit um 500. Það virðist því að bygging 800 nýrra íbúða á ári muni nægja vegna fólksaukningarinnar, en æskilegt væri að byggja heldur meira til útrýmingar lélegs húsnæðis. Rétt er samt að taka fram, að hið lélega húsnæði verður ekki rýmt fyrir það eitt að betra húsnæði er byggt, heldur þarf sérstakrar ráðstafanir til þess að fá fólkið til að flytja, og til þess að fyrirbyggja, að gamla húsnæðið verði tekið til notkunar að nýju. Auk þess er almenn ósk um að fá menn til að byggja á skynsamlegri hátt en nú, einkum minna og ódýrara húsnæði. Skipulögð útlánastarfsemi, sem tengd er ráðleggingarstarfsemi og eftirliti, er öflugasta tækið til þess að hafa áhrif á það, hvernig byggt er.

Fjárhagshliðin; hið þjóðhagslega vandamál

Það, sem gerir að erfitt er að hafa á boðstólum nægilegt húsnæði handa öllum, sem geta og vilja borga fyrir þá þjónustu, er kostnaðurinn við bygginguna, þ.e. hve lengi verðmætin eru bundin í húsinu. (Þó er þetta ekki að öllu leyti rétt. Kostnaður við að búa í húsi miðast við það, sem það kostaði að byggja húsið. En þetta er rétt aðeins undir sérstökum kringumstæðum, sem sjaldnast eru uppfylltar í veruleikanum. Verð húsnæðisins (húsnæðisþjónustunnar) miðast í raun og veru við það, sem það kostar að byggja nýtt hús, og þá aðeins, ef nýrra húsa þarf með. Þurfi þeirra ekki með, hverfur húsaleigan. Það kostar ekkert að byggja hús, sem þegar eru til.)

Þar sem fólkinu er hætt að fjölga (jafnvel fækkar), þar hverfur húsaleigan. Menn borga þá fyrir mismun á þegindum og fyrir viðhald, en fyrir sjálft húsnæðið ekki neitt. Húsaleiga er borguð vegna þess að eftirspurn er eftir meira húsnæði, sem ekki fæst nema með því að byggja. Sá, sem fær gamalt húsnæði, er því reiðubúinn að miða húsaleigu á því húsnæði við það, sem það kostar að byggja nýtt hús.

Í okkar þjóðfélagi liggja málin svo ljóst fyrir, þ.e. kostnaðurinn og nauðsynin að byggja nýtt húsnæði til íbúðar liggja í augum uppi, og menn þessu ástandi svo vanir, að menn telja sjálfsagt að þeir, sem hafa húsnæði, þeir borgi fyrir það húsnæði, þótt þjóðfélagslega séð kosti ekkert að framleiða það, þar sem það er þegar til, og að síðan verði það, sem þeir afhenda af tekjum sínum vegna húsnæðisins, notað til þess að greiða kostnaðinn af byggingu nýs húsnæðis. Þetta er hin þjóðhagslega hlið málsins. Það liggur í augum uppi, að þeir, sem eiga skuldlaust íbúðarhúsnæði, þurfa ekki að afhenda neitt af (öðrum) tekjum sínum vegna húsnæðisins, sem þeir nota, og að þeir bera því enga þjóðfélagslega byrði vegna hins nýja húsnæðis, sem þarf að byggja.

Ef til vill væri auðveldast að ~~sjá~~ sjá þjóðhagslegu hliðina á málinu, ef gert væri ráð fyrir því, að ein peningastofnun ætti allt íbúðahúsnæði í landinu og tæki af því það mikla leigu, að hún gæti greitt fyrir hæfilega aukningu þess. Setjum svo að fjölskyldurnar séu 30,000, húsnæðið kosti sem svarar 600 kr. á mánuði, eða 7,200 kr. á ári á fjölskyldu. Upphæðin næmi 216,000,000 kr. á ári. Fyrir þetta fé mætti byggja kappnóg og vandað húsnæði á hverju ári.

Setjum nú svo að einstaklingarnir eigi sitt húsnæði sjálfir, en skuldi þessari peningastofnun sem svarar að meðaltali helming húsnæðisins. Stofnunin fengi þá 108,000,000 kr. (í vexti og afborganir) á ári. Þessa upphæð fengi hún þótt menn attu íbúðarhúsnæði sitt að hálfu skuldlaust. Atti hún fjármagn sitt sjálf, gæti þessi stofnun lánað 700 lán, að upphæð 150,000 kr. hvert, á ári.

Rétt er að taka fram að 600 kr. á mánuði er of lág upphæð. Húsnæðið kostar í reyndinni 800-1,000 kr. á mánuði, miðað við hæfilega vexti og afborgunartíma (jafnvel meira). En 600-700 kr. er upphæð, sem menn attu að geta greitt mánaðarlega af tekjum sínum til annarra fyrir húsnæði. En til þess að þurfa ekki að greiða meira, verða þeir sjálfir að leggja fram nokkra eign sjálfir. Má því líta svo á, að 600 - 700 kr. svari til vaxta og afborgana af áhvílandi skuldum. Dæmið hér að framan breyttist þá þannig, að ef helmingur landsmanna skuldar fyrir húsnæði sitt þannig, að hann þarf að greiða 600 - 700 kr. á mánuði í vexti og afborganir, þá fengi umrædd stofnun 108 m. kr. á ári til umráða, án þess að draga eyri af nýju fé til sín annars staðar að. Hún veltir þá stórum sjóði, án þess að þurfa annað nýtt fé en hún fær í vexti. Starð sjóðsins myndi fara eftir því hve lánin væru til langs tíma.

Aður en rétt er frekar um svona sjóð, er rétt að segja nokkur orð frekar um þjóðhagslegu hliðina.

Húsnæði og framleiðsla

Öll efnahagsstarfsemi snýst um það að fullnægja þörfum neytandans, ef ekki beint þá óbeint. Það, sem fullnægir þörfum hans beinlínis, eru afurðir eins og t.d. matvæli, eða þjónusta eins og hljóðferaleikur, öryggisvernd eða húskaskjól. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er í rauninni allt þetta jafngott. Einnar krónu virði

af hverju þessa sem er, er jafn þýðingarmikið, þ.e. ef afkoma neytandans á að vera leiðarsteinninn.

Ef fjölskyldan er reiðubúin að verja einum fjórða tekna sinna til húsnæðis, þá er framleiðsla húsnæðis að sínu leyti eins þýðingarmikil og framleiðsla hvers annars fjórðungs þarfa fjölskyldunnar. Það, sem skilur við fyrstu sýn á milli húsnæðisins og t.d. landbúnaðarafurða, er það, að framleiðandi landbúnaðarafurða virðist þurfa að biða skammt eftir því að fá fé sitt fyrir afurðirnar, en framleiðandi húsnæðis lengi. Þegar á allt er litið, er þetta ekki allskosta rétt. Í framleiðslu landbúnaðarafurða liggur mikið fjármagn. Aðeins litill hluti þess þosnar árlega. Landbúnaðarframleiðslan er atvinnumál margra. En húsnæðisframleiðsla er atvinnumál allstórs hóps manna.

Þá kemur enn eitt atriðið. Það er að framleiðsla húsnæðisþjónustu er framleiðsla fyrir innlendan markað. Og eins og stendur er mikill markaður fyrir þjónustuna. Það er því óþarfi að styrkja neytluna af þeim orsökum. En talsvert er byggt af húsnæði, sem látið er í té að nokkru leyti með gjafaskilmálum.

Því er samt ekki að neita, að aðalvandi húsnæðismálsins er einmitt sá, hve fjárfrek framleiðsla húsnæðisins er, og hve fjárfestingin þarf að vera til langs tíma. Þetta er í rauninni kjarni vandamálsins. En eins og ætti að verða ljóst af þessum skrifum, þá er þetta fyrst og fremst byrjunarerfiðleiki. Þegar fyrirkomulag og framkvæmd útlána til íbúðarbygginga er á annað borð komin vel á rekspöl, þá leysist það vandamál, þegar frá líður. Notendur gömlu íbúðanna leggja þá fram fjármagnið til þess að byggja fyrir nýju húsin.

Nýtt lánakerfi

Í því, sem hér fer á eftir, er gert ráð fyrir að komið verði upp einskonar sjóði, sem lánaður verði til húsbýgginga. Í rauninni er "sjóðurinn" ekki annað en það, að allar peningastofnanir og aðilar, sem lána til húsbýgginga, láni eftir sömu reglum. Vandinn við að koma kerfinu á er sá, að enginn aðili hefur vald til að fyrirskipa reglur um þessa starfsemi, sem giltu almennt. Af ástæðum, sem verður lýst síðar, er samt hugsanlegt að fyrirkomulagið nái því að verða almennt.

Um lánin er það að segja, að þau þurfa að vera það stór, að þau séu raunverulegá hjálp - það stór, að þau dragi úr aðsókninni til þeirra aðila, sem eru með fé til ávöxtunar utan hinna opinberu peningastofnana. Og það hefur þegar verið minnst á hugsanlega lagasetningu til að stöðva þá starfsemi að mestu. Um leið þarf að ganga úr skugga um það, að lántakinn bindi sér ekki óeðlilegar byrðar með öðrum óhagstæðum lántökum. Það þarf því að setja það skilyrði, að lántakinn hafi nokkurt eigið fé fram að leggja. Um leið verður þá fyrirkomulag lánanna hvæmtning til manna um það að spara saman nokkurt fé, þar sem þeir eiga þá vissa fjárhagslega fyrirgreiðslu og aðstoð til að byggja.

Lánin þyrftu að vera 2/3 byggingarkostnaðar, út á 1. veðrétt, þó ekki yfir 100.000 kr. Í framkvæmd myndu flest lánin verða 100.000 kr. Lánstíminn þyrfti að vera allangur, svo að vextir og afborganir yrðu ekki of þung byrði. (Þegar frá líður, skiptir lánstíminn litlu máli.) Í byrjun ætti að lána aðeins út á ný hús til 30 ára (timburhús 20 ára). En eftir nokkur ár mætti eins lána út á eldri hús, en hafa þá lánstímann styttri, t.d. 20 ár fyrir steinhús.

Aðalatriðið verður fljótlega það, hve mikið fé "sjóðurinn" fær greitt árlega í vexti og afborganir, en ekki hver greiðir honum.

Til þess að lána út á 800 nýjar íbúðir myndi þurfa 80.000.000 kr. árlega. Þessi upphæð er það há, að þótt tillögur þær, sem hér eru gerðar, yrðu allar framkvæmdar, þá muni upphæðin, sem færi til þessara lána, verða talsvert lægri en þetta fyrst í stað.

Hér fara á eftir tillögur um þátttöku banka og annarra aðila í svona lánastarfsemi.

a) Bankar

Bankarnir skuldbinda sig (eða verða skyldaðir með lögum) til að lána til íbúðarhúsabygginga (á þann hátt, sem greint er hér á eftir)helming þess fjár, sem bætist við sparifjórinnstæður þeirra frá 1. október, 1953, að telja, þannig að sú aukning, sem orðið hefur næstliðna 3 mánuði, komi til útlána á næsta ársfjórðungi á eftir, eða síðar. - Nú verður rýrnun á sparifé. Skal þá ekki veita frekari byggingarlán fyrr en sú rýrnun hefur verið bætt.

Þetta ákvæði skal einnig ná til Iðnaðarbankans, þó ekki nema til þess sparifjár, sem bankinn fær umfram 15 m. kr. (það er augljóst, að bankinn fær frá almenningi hið margumrædda 15 m. kr. lán, sem nú lánar honum sparifé sitt.)

Lánin skulu nema $\frac{2}{3}$ af andvirði íbúðarinnar samkvæmt mati trúnaðarmanna bankans, þó ekki hærrí fjárhæð en 100,000 kr. á íbúð, gegn 1. veðrétti. Nú eru fleiri en ein íbúð í húsinu, og gildir þá reglan um hverja íbúð, þó ekki um sérstakar íbúðir í kjallara eða risi, nema þær séu séreign þess, sem býr - eða ætlar að búa - í þeim. Lánin skulu vera til 30 ára - og nefnast þrjátíu ára íbúðarlán - og vera

með 6 1/4% vöxtum á ári. Skulu vextir og afborganir gjaldfalla með jafnri upphæð árlega. Vextir og afborganir skulu greitt mánaðarlega, þannig að hinn jöfnu ársgreiðslu sé skipt í 12 jafnar greiðslur í heilum krónum (kr. 622 af kr. 100.000). (Vextir því í rauninni heldur hærri en 6 1/4%) Af öllum þrjátíu ára íbúðarlánnum skal taka 1% ~~inn~~ lántökugjald.

Ákvæðið um 100.000 kr. er orðað sem hámark. Með tilliti til byggingarkostnaðar, þá er augljóst að í flestum tilfellum yrði lánið í hámarki, enda í rauninni hugsað þannig. Tilgangurinn er beinlínis sá, að þeir, sem á annað borð fá útláun, fái samilega hjálp, eins og áður er skýrt frá.

Þótt tilgangurinn sé fyrst og fremst sá að greiða fyrir einstaklingum, sem vilja byggja yfir sig, þá getur fyrirkomulagið vel farið þannig í framkvæmd, að félag eða önnur samtök fái lán með því skilyrði þó, að lánið færist með óbreyttum skilmálum yfir á kaupendur íbúðanna.

Vextir eru miðaðir við það, að hægt verði að afla fjár til þessara útlána með sölu verðbréfa. Vissara er að hafa vaðið fyrir neðan sig. Líklegt er að ekki væri hægt að selja verðbréf til 20-30 ára í nægilegu magni með lægri vöxtum en 6%, jafnvel þótt þau yrðu skattfrjáls. Mikið veltur á viðhorfi og ráðstöfunum seðlabankans til þess að gera viðskiptin sem greiðust.

Með tilliti til þess, að vextirnir eru tiltölulega háir, er nauðsynlegt að lánstíminn sé hafður nægilega langur. Húsanna vegna er þetta óhætt. Þau eru yfirleitt vönduð og varanleg, enda verða þau alltaf að skoðast og metast af trúnaðarmönnum lánveitanda. Lánstíminn skiptir talsvert miklu máli meðan verið er að byggja upp þá sjóði, sem peningastofnanir þurfa að eignast í íbúðarhúsalánum, en skiptir hins vegar langtum minna máli, þegar fyrirkomulagið hefur

verið framkvæmt nokkurn tíma, eins og áður hefur verið minnt á.

Það er einnig þýðingarmikið atriði, að vextir og afborganir sé greitt í einu lagi mánaðarlega. Flest fólk fær laun greidd vikulega eða mánaðarlega. Greiðslan er höfð sem líkust húsaleigu og innt af hendi af tekjunum jafnðöum og þær berast. Þetta/mikilvægt framkvæmdaatriði.

Upphæðin - kr. 622 - er lagri en húsaleiga af lítilli íbúð í Reykjavík og ætti því ekki að vera ofviða láglauna fólk.

b) Sparisjóðir

Um útlán sparisjóða til íbúðabygginga er það að segja, að þeir munu nú þegar lána mikinn hluta þess fjár, sem þeir hafa, á þennan hátt. Þó myndi það teljast til mikilla bóta, ef þeir vildu taka upp sams konar fyrirkomulag útlána og rætt hefur verið um hér að framan. Virðist komið til mála, að eftirlitsmaður sparisjóða yrði fenginn til að skrifa þeim og fara fram á það, að þeir láni ekki minna en 2/3 sparifjárins samkvæmt reglunum um ^{þrjú árin} lánin.

Verði hægt að útvega fé til íbúðabygginga með verðbréfasölu, væri æskilegt að það væri lánað út gegnum sparisjóðina ekki síður en bankana, og því æskilegt að fyrirkomulag beggja væri eins. Þetta atriði út af fyrir sig ætti að nægja til að tryggja það, að sparisjóðirnir láni á þennan hátt. Eins og stendur munu sparisjóðir oft lána með veði í fasteignum, en í víxilformi. En þegar víxillinn er notaður, þá er oft minni áherzla lögð á afborgunarskilmálana.

Veðdeild Landsbankans skal lána fé það, sem hún hefur handbært á þann hátt, að hún lánar þeirri stofnun, sem veitir húsbyggingarlánið, jafnháa upphæð, og með sömu kjörum og lánið er, en tekur $\frac{1}{2}\%$ lántökugjald í eitt skipti, enda tekur hún ábyrgð á öllum A-lánum,

sem veitt eru í landinu. Hún skal samþykkja virðingamenn þeirra stofnana, sem veita ^{fjárlánin} lánin.

(Hér má bæta því ákvæði við, að ekki megi veita ^{fjárlánin} lán út á íbúð eða íbúðarhús, nema tilteknir aðilar hafi áður samþykkt bygginguna, hvað sem annars liður verðmæti hennar.)

Það atriði að Veðdeildin taki ábyrgð á ^{þessum} lánunum og veiti öðrum stofnunum fjármagn til frekari ^{af þessum lagi} lána, ætti að fta undir það að sparisjóðir taki upp þetta fyrirkomulag, án þess að þeir séu skyldaðir til þess með lögum. (Þó kemur til mála að byrja þetta fyrirkomulag með lagaskyldu.)

c. Ríkissjóður

Fé það, sem ríkið leggur til húsbygginga, skal Veðdeildin fá sem viðbótarstofnfé.

d. Bankar (framhald)

Mikið er byggt af íbúðum, og þá einnig greitt. Greiðslurnar gerast venjulegast að talsverðu leyti á þann hátt, að einstaklingar leggja fram eigið sparifé og vinnu, og fá aðstoð hjá fjölskyldu og vinum. Bankastarfsemi sú, sem rekin er utan banka og sparisjóða, snýst mikið um það að lána til þessara bygginga. Bankarnir munu einnig lána talsvert fé í þessu skyni. Lán af þessu tagi eru kyfirleitt víxillán. Bankarnir kinoka sér við að lána beint til húsbygginga, enda beinlínis lagt að þeim að gera það ekki meðan verið var að stöðva dýrtíðina. Að vísu var sú ráðlegging áhrifalaus og gagnsalaus, þar sem bankarnir gangast ekki við neinum lánunum sem húsbyggingarlánunum. Vixilformið virðast bankarnir halda í af tveimur ástæðum. Annars vegar lítur lánið út fyrir að vera til skamms tíma. Hins vegar hafa þeir þá ríkastan kröfubéttinn. Þessi víxillán til hús-

bygginga, sem er talsverður liður í útlánastarfsemi bankanna, virðast dæmi um það, hvernig menn setta sig við formið tómt, þegar þeir ráða ekki við innihaldið. Það er auðveldara fyrir menn með einhvern atvinnurekstur að fá svona lán, og er fyrirkomulagið því hinum efn- aðri í vil. Til dæmis er kaupsfylsumönnum lánað "til rekstrar" síns gegn veði í nýbyggðum íbúðarhúsum. Á hinn bóginn yrðu bankarnir að gangast við lánum til húsbýgginga sem lánum til tiltölulega langs tíma, og þá með reglulegum afborgunum. Afborganirnar eru nýtt fjármagn, þegar þær eru greiddar af tekjum. Bankarnir ganga því fram hjá þýðingarmikilli uppsprettu nýs fjármagns, þar sem eru afborganir teknar af tekjum. Vextir myndu samt verða að vera eitthvað lægri en víxil- vextir.

Staðreyndirnar eru þær, að víxlarnir eru endurnýjaðir, lánin því í reyndinni alls ekki lán til skamms tíma. Hins vegar eru sjaldnast skilyrði sett um reglubundnar afborganir. Lántaki skuldbindur sig ekki til þess að spara saman nýtt fjármagn og endurgreiða lánið á ákveðnum tíma. Um afborganalánin hjá ~~bankum~~ og öðrum er annars það að segja, að afborgunin er nær undantekningarlaust einu sinni á ári, en ekki mánaðarleg, þótt nú sé svo komið að menn fái tekjur sínar mánaðarlega eða oftár. Þetta eru leifar frá eldra þróunarstigi fjármálalífs þjóðarinnar. Það liggur í augum uppi, að eðlilegra er að greiða skyldugreiðslu fyrir sama tímabil og menn fá tekjur sínar. Það er beinlínis auðveldara fyrir þann, sem framkvæmir greiðsluna, að greiða minni greiðslu 12 sinnum á ári, en eina stóra einu sinni. Mánaðarlegar greiðslur af almennum afborgunarlánum hafa verið teknar upp fyrir löngu síðan í öllum vestrænum löndum.

Með því að talsvert er af lánum hjá bönkunum, sem farið hafa til húsbygginga, þótt þau séu ekki færð þannig á reikningum þeirra, þá væri æskilegt að koma þessum lánum í svipað horf og þrjátíu ára lánunum. Bankarnir ættu því í sambandi við þær ráðstafanir, sem hér eru ræddar, að breyta öllum lánum, sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsum, eða sem eru á víxlum en farið hafa til húsbygginga, í lán með svipuðu fyrirkomulagi og þrjátíu ára lánin, en hafa þau til styttri tíma t.d. til 20 ára. Greiðsla vaxta og afborgana yrði mán- aðarleg.

e. Útlán sjóða

Það er augljóst, að til þess að þeir peningar, sem leggjast fyrir hjá ýmsum stofnunum, og sem ættu að fara í almenn verðbréf, raunverulega geri það, þarf að vera fullnægt eðlilegri eftirspurn eftir lánum til langs tíma. Eftirspurn eftir þessu fé hjá þeim aðilum, sem taka við því, minnkar þá eða hverfur. Um leið verður brotaminnst fyrir þá, sem stjórna þessum sjóðum, að kaupa trygg verðbréf fyrir féð. Eins og stendur er töluverður hópur lítilla peningastofnana, þar sem menn lána sjálfir út fé, sem ætti að xfara um hendur hinna opinberu peningastofnana, banka og sparisjóða.

Það ætti að vera tiltölulega auðvelt að taka þetta skref, þar sem í sambandi við ráðstafanir þær, sem hér eru ræddar, yrði farið að gefa út almenn skuldabréf, eins og áður hefur verið minnt á.

Nokkrar athugasemdir

Sú spurning vaknar, hvort fyrirkomulagið, sem hér hefur verið rætt, þýði það, að meira fjármagn myndist en annars.

Gerum fyrst ráð fyrir því, að ekkert meira nýtt fjármagn myndist. Fyrirkomulagið hefur samt einn góðan kost. Það dreifir byrðinni af hinum nýju íbúðabyggingum.

Hugsum okkur að enginn fái lán til íbúðabygginga. Sá, sem þarf nýtt húsnæði, verður þá að koma því upp án láns (frá opinberum aðilum), og má því líta svo á, að hann sé skuldlaus, þegar hann hefur byggt. Allir, sem hafa húsnæði, eru því skuldlausir og geta notað allar sínar tekjur til annars en húsnæðis. Þeir, sem stofna heimili og þurfa nýtt húsnæði, verða því einhvernvegin að spara af tekjum sínum stóran hluta, meðan þeir eru að byggja, og á annan hátt að leggja hart að sér. Þeim finnst þeir standi andspænis óleysanlegu vandamáli. Núverandi ástand er nokkuð í þessa átt.

Þeir, sem þegar hafa byggt, bera þá enga byrði vegna húsnæðisins. Hún féll á þá meðan þeir voru að koma upp húsinu. Öll byrðin af nýja húsnæðinu fellur á ungu kynslóðina, sem verður að byggja viðbótarhúsnæði til þess að fá inni. Með því kerfi, sem hér er stungið upp á, er byrðinni dreift á "allar" kynslóðirnar. Það liggur í hlutarins eðli, að það er auðveldara að spara saman fjármagnið, þegar spöruninni er dreift á 30 árganga heldur en, ef æskunni er ætlað að gera það á fáum árum.

Þá hefur fyrirkomulagið og þann kost, að greiðslur fara fram mánaðarlega. Margur, sem ekki getur greitt 7,464 kr. einu sinni á ári, sökum skorts á reglusemi, getur frekar greitt 622 kr. einu sinni í mánuði. Þar sem svo er háttað, þá eykur fyrirkomulagið bein-

línis fjármagnsmyndunina.

En svo er bezt að snúa sér að því, sem er aðalatriðið og sést t.d. með samanburði á útlánum til viðskipta og útlánum til íbúðabygginga. Sá, sem fær 100,000 kr, lán í viðskiptaaugnaði, endurgreiðir það í lok viðskiptanna. En hann er að jafnaði sjálfur jafn lánþurfi á eftir, ef viðskipti hans eiga að halda áfram. Það er ekkert í sjálfum viðskiptunum, sem gerir það, að hann þurfi lægri upphæð næst. Hins vegar er þetta á annan veg með íbúðalánin. Þegar fyrirkomulagið er að fullu komið til framkvæmda, þá greiðir hver lán-taki rúmar 3,300 kr. í afborgun á ári að meðaltali. Skuld hans og því lánsþörf hans sjálfs hefur lækkað um þessa upphæð, eign hans auk-
izt. Aðrir fá að vísu ný lán. En það er alveg eins um viðskiptalífið. Þar þarf líka ný lán. En það er ekkert í fyrirkomulagi þeirra lána, sem leiðir sjálfkrafa til myndunar nýs fjármagns. Afborgun - af tekjum - er nýtt fjármagn. Þegar lánið hefur verið endurgreitt, stendur gamla húsið eftir sem áður, en það er hægt að byggja nýtt húsnæði til við-
bótar fyrir afborganirnar, sem nema samtals 100,000 krónum.

Þá er svo háttað, að í bönkunum er talsvert um húsbyggingalán undir öðrum nöfnum. Með því að gera þessi lán að lánum með mánaðar-
legum afborgunum ("húsaleigu"), þá fást þau greidd, og kaupskýslumenn verða þá að greiða fyrir sitt húsnæði af tekjum sínum eins og aðrir, sem skulda. Breyting þessara lána í tuttugu ára lán myndi sennilega þýða aukinn sparnað og fjármagnsmyndun. Eins og er mun talsverð óregla á þessu hjá bönkunum. Sum lánin eru á víxlum, sem framlengt er aftur og aftur, eða þau eru veðlán, þar sem lítið er svo á, að húsin séu aðeins veð fyrir lánnum, og lánin í rauninni ekki íbúðalán. Það væri öllum í hag að breyta þessu fyrirkomulagi og gera lánin að lánnum með

föstum afborgunum.

Sú spurning væri ekki óeðlileg, hvort þessar reglur þurfi, ef aðeins sé framkvæmt í sama anda. Svarið er það, að reglur hjálpa til að skapa reglusemi. Ennfremur er öll efnahagsstarfsemi háð óvissu. Með föstum reglum í sumum málum má bæta aðstæður efnahagsstarfseminnar og minnka óvissuna. Það er stoð fyrir ungan mann að vita, að hann á kost á 100,000 kr. láni til þess að afla sér húsnæðis, ef hann sjálfur getur sparað saman nokkra upphæð og lagt fram. Þá er það einnig þýðingarmikið fyrir mann, sem á húseign, að vita, að hann gæti fengið lán út á hana til 20 ára, ef hann þyrfti á að halda, miðað við verðmæti hennar að sjálfsöðgu.

Veðlánastarfsemi snýst í rauninni um það að skapa markað fyrir fasteignir. Kaup og sala fasteigna myndi að líkindum mikið aukast við aukna lánsöguleika.

Í þessu sambandi má benda á það, að hið nýja lánafyrirkomulag myndi sennilega þýða, að útlán til íbúðabygginga myndu aukast á kostnað útlána til almennra viðskipta. Eins vegar hafa auknar húsbýggingar örvandi og hagstæð áhrif á öll viðskipti.

Ráðleggingarstarfsemi

Um sjálfar íbúðabyggingarnar væri margt hægt að segja, en það er mál út af fyrir sig. Nægir að benda á það, að mikið fé fer - og á eftir að fara - í íbúðir. Það væri því fullástæða til, að hinni tæknilegu og félagslegu hlið væri gefinn langtum meiri gaumur en nú.

Það hefur um lengri tíma verið aðkallandi, að einhver aðili tæki að sér að rækja það hlutverk fyrir byggingarstarfsemi í bæjum og þorpum, sem Teiknistofa landbúnaðarins gegnir fyrir byggingarstarfsemi sveitanna. Það er því fullástæða, hvort sem fjárfestingareftirlitið

er lagt niður eða ekki, að fela einhverjum aðila að veita aðstoð og fyrirgreiðslu því fólki, sem ætlar að byggja íbúðir eða íbúðarhús, t.d. með því að veita því ókeypis ráðleggingar, teikningar o.fl. Helzt kæmi til greina að fela þetta einhverri starfandi stofnun eins og skrifstofu Húsameistara ríkisins eða Skipulagi ríkis og bæja. Til þess að starfsemi sú, sem nefnd er hér á undan, verði til þess að bæta tæknilegu hlið framkvæmdanna, þarf hún að vera tengd útlánum til íbúðabygginga. Lán út á íbúðir eða íbúðarhús myndu þá veitt aðeins með því skilyrði, að þessi stofnun hafi lagt blessun sína yfir framkvæmdirnar. Í rauninni þyrfti að segja langt mál um þetta atriði, því að hér fléttast saman hin tæknilega hlið byggingarstarfseminnar og fjáröflunin, en ekki heppilegt.

Sparifé

Þær ráðstafanir, sem hér er gert ráð fyrir, eiga að hafa í för með sér aukna verðbréfaferzlun. Út af fyrir sig myndast ekkert nýtt fjármagn við aukna verðbréfaferzlun, en með verðbréfaferzlun er hægt að beina því nýja sparifé, sem myndast, inn á þær brautir, sem yfirvöldin óska. Hin öra sparifjárukning hjá bönkum og sparisjóðum nú, myndi þá koma fram sem aukin verðbréfasala frá því, sem nú er, að öðru óbreyttu. Þá mundu og fjármagn hinna sérstöku sjóða auka markaðinn fyrir verðbréfaferzlunina, ef þeir fengju meira aðhald um notkun fjárens. Sala verðbréfa þarf að hefjast hið fyrsta og miðast við hin sérstöku markaðsskilyrði nú. Hins vegar má gæta þess, að útgáfu verðbréfa sé stillt í höf, þótt þau kynnu að seljast vel, því að ekki er æskilegt að sparifjárinnstæðum sé í stórum stíl breytt í verðbréfaeign.

"Sjódðurinn"

Þær ráðstafni^a sem hér er gert ráð fyrir, myndu hafa þýtt að minnst 50,000,000 kr. hefðu farið til þrjátíu ára lána á árinu 1952, og í ár ekki minna en 70,000,000 kr. Þessar upphæðir myndu sennilega vera of lágar í fyrstu til þess að fullnægja eftirspurninni, en nægja til að fullnægja henni, þegar eðlilegra ástand hefur myndast. Þá má og gera ráð fyrir því, að eldra fé, sem kemur inn sem afborganir af lánum, myndi að einhverju leyti hafa farið í svona lán. Auk þess myndi sparifé, sem fer til kaupa á verðbréfum Veðeildarinnar, fara að öllu leyti til þessara lána (en ekki að hálfu eins og spariðslögin).

Vöxtur "sjóðsins"

Sé gert ráð fyrir aðeins 500 lánum árlega fyrst í stað, verða greiðslur vaxta og afborgana á þá leið, sem reiknað er hér á eftir. Miðað er við 100,000 kr. lán til 30 ára, vextir 6 1/4%. Árgreiðslunni er skipt í tólf mánaðarlegar greiðslur, og nemur hver 622 krónum.

<u>Í lok</u>	<u>Nýtt fjármagn</u>	<u>Vextir og afborganir af 30 ára lánum</u>	<u>Til 30 ára lána á ári</u>
1. árs	50,000,000		50,000,000
2. "	50,000,000	3,732,000	53,732,000
3. "	50,000,000	7,743,000	57,743,000
4. "	50,000,000	11,774,000	61,774,000
5. "	50,000,000	15,807,000	65,807,000
6. "	50,000,000	19,840,000	69,840,000
7. "	50,000,000	23,873,000	73,873,000
8. "	50,000,000	27,906,000	77,906,000

Samkvæmt þessum vexti "sjóðsins" ætti lánunum að fjölga úr 500 í 780 á 8 árum.

Það, sem er óraunhæft í þessum útreikningum, er aðallega tvennt:

Þar sem mikill hluti "sjóðsins" er ekki eigin eíng eign hans

heldur sparifjár- og verðbréfaeigenda, geta eigendurnir æskt þess að fá vextina greidda út, eða jafnvel tekið til sín sjálfan höfuðstólinn. Háir vextir og skattfrelsi eiga að fyrirbyggja þetta. Auk þess ætti það að styrkja "sjóðinn", að alþingi leggi honum hokkurt fé árlega (til Veðdeildarinnar). Þá er og nauðsynlegt að opinberar stofnanir, sem liggja með fé, ávænti það án þess að hreyfa það í verðbréfum Veðdeildarinnar.

Hitt atriðið er það, að þegar "sjóðurinn" er orðinn að talsverðu leyti sjálfstæður og óháður um fjármagn (afborganir nema mikilli fjárhæð), þá hlýtur það að hafa áhrif í þá átt að lækka vextina, bæði innláns- og útlánsvexti. Fjármagns sjóðsins myndi því ekki vaxa svona ört sjálfkrafa en myndi vaxa vegna framboðs á nýju fjármagni.

Þýðingarmesta forsendan fyrir því, sem hér hefur verið sagt, er sú, að "sjóðurinn" haldi vöxtum og afborgunum. Þetta getur gerzt á tvennan hátt. Annar er sá, að "sjóðurinn" eigi sitt fé sjálfur. Hinn er sá, að sé hann með fé annarra (innstæður í sparisjóðum, verðbréf), þá takist honum að koma í veg fyrir að féð verði tekið af honum (innstæður teknar út, verðbréfaeign minnkuð, nettó). Í þessu tilfalli, þar sem aðrir eiga féð, þá þarf nýtt fé að berast sem svarar vaxtagreiðslunum (t.d. á þann hátt að eigendur fjárisins taki ekki út vaxta-tekjur sínar).

Af þessum ástæðum er augljóst, að það er áriðandi að féð sem "sjóðurinn" hefur til umráða (þ.e. því fé, sem verið er til útlána út á hús eftir tilteknum reglum) sé látið standa á vöxtum, en ekki tekið til annarra nota. Vextirnir þurfa því að vera samilega háir (t.d. 4% af spariinnstæðum, 6% af verðbréfum til 20 ára eða lengri tíma). Skattfrelsi spariinnstæðna og sérstakra tiltekinna verðbréfa myndi vera mikilvæg ráðstöfun í þessu sambandi.

V. Breytt fyrirkomulag rekstrarlána

Við þær aðstæður, sem nú eru hér á landi, þá virðist heppilegt að útlán bankanna til atvinnurekstrar breytist með breytingum á framleiðslumagni og vörubirgðum. Þessu er bezt komið í kring með því "að lána út á afurðir", og að almennar reglur gildi um þessi útlán, því að framleiðendurnir vita þá að hverju þeir ganga, og dregur það nokkuð úr óvissunni, sem allri framleiðslu er samfara. Eins og stendur er þessu fyrirkomulagi beitt, en nær aðeins til útflutningsframleiðslunnar, þó ekki allrar. Eftir því sem framleiðsla fyrir innanlandsmarkaðinn verður stærri þáttur þjóðarbúsins, eftir því verður ríkari nauðsyn að láta samskonar reglur gilda um lánveitingar til þeirrar framleiðslu.

Í byrjun janúar 1952 fól þáverandi viðskiptamálaráðherra, hr. Björn Ólafsson, mér að gera athugasemjuna varðandi rekstrarfé iðnaðarins. Á fundi í ríkisstjórninni í lok aprílmánaðar skýrði ég svo frá, að ég álití að framtíðarlausnin væri sú, að tekið yrði upp það fyrirkomulag að lána til framleiðslu fyrir innanlandsmarkaðinn eftir samskonar reglum og giltu um lán út á útflutningsframleiðslu.

Framleiðsla fyrir innanlandsmarkaðinn kemur í stað innfluttrar vöru. Ef framleiðslan er heilbrigð frá hagrænu sjónarmiði, hefði hún sömu þýðingu fyrir líf skjör þjóðarinnar og framleiðsla til útflutnings

Ríkisstjórnin samþykkti að ég skyldi ræða þetta fyrirkomulag við bankastjóra Landsbankans. Þetta gerði ég. Síðan fóru fram skipti á skoðunum bréflaga. Viðræðurnar báru engan árangur. Aðalmótbárur bankastjórnanna voru þessar:

- 1) "En ef lána ætti út á vörubirgðir fyrirtækja, sem framleiða margvíslegar fullunnar vörur, þyrftu bankarnir að sjálfsögðu að hafa í sinni þjónustu hóp sérfróðra manna til aðstoðar í þeim efnum."
- 2) "Áður en bankarnir færu að gera slíkar ráðstafanir, yrði því að vera fengin nokkur reynsla á því, hvaða fyrirtæki hefðu hér möguleika á því að standast erlenda samkeppni. Mun sú reynsla varla vera fengin, fyrr en hér hefur verið nær frjáls innflutningsverzlun í nokkur ár, og væru þó fýmsir aðrir örðugleikar á framkvæmd slíks lánakerfis, sem ekki skal farið nánar út í á þessu stigi málsins."

Um fyrri röksemdina er það að segja, að ótrúlegt er að útlán til iðnaðar nú séu af handa hófi. Og síðara atriðið er litlu haldbetra, þar sem atvinnulífið einkennist sífellt af vexti og viðgangi annarsvegar en hnignun hins vegar. Ekkert stendur í stað. Þá er og trúlegt, að samkeppni við innflutta vöru eigi langa framtíð hér á landi.

Svör Landsbankans verður að álíta ófullnægjandi og bera vott um ólífrænan hugsunarhátt. Árið, sem bankastjórnarnir töldu ókleift að breyta útlánafyrirkomulaginu, jukust útlán Landsbankans um 99 m. kr.

Þrátt fyrir hinar daufu undirtektir bankastjóra Landsbankans, er mjög æskilegt að ríkisstjórnin reyni að komast að samkomulagi við bankann um breytingu á útlánum seðlabankans, sem miði í þá átt að hann láni út á afurðir, eins þótt þær séu framleiddar fyrir innanlandsmarkaðinn. Frá þessu sjónarmiði er ekkert sérstakt við iðnaðinn og landbúnaðinn. Reglur þær, sem settar yá yrðu, ættu að ná til allrar framleiðslu, sem er þannig, að birgðir afurða leggjast fyrir (sumar tegundir iðnaðarframleiðslu), eða þar sem framleiðslutíminn er tiltölulega langur (landbúnaðurinn). Hliðstætt hinu síðarnefnda er það tilfelli, þar sem fyrirtækið þarf að liggja með mikið af hráefnum. Það er sennilega rétt, að þetta fyrirkomulag myndi þýða, að bankarnir þyrftu að bæta við sig starfsfólki, þar sem útlánin myndu krefjast allnákvæms eftirlits með breytingum veðanna. En ekki ætti þetta að vera óframkvæmanlegt, enda

tíðkanlegt annars staðar. Þá er og augljóst mál, að það er ekki hægt að framkvæma þetta á þann hátt, að seðlabankinn kaupir hér frá alla víxla "út á afurðir" eða hráefnabirgðir heilbrigðra fyrirtækja, eða væntanlega lambaviðkomu hjá bændum. Slíkt myndi í fyrstu hafa í för með sér óeðlilega aukningu útlánanna. En það er æskilegt að sú aukning, sem verður á útlánunum gerist á þennan hátt. Það væri yfrið skref, ef Landsbankinn tæki þá ákvörðun að lána út á alla víxla af þessari tegund 50% af nafnverði þeirra. Peningastofnanir myndu þá í fyrstu ekki geta komið með víxla af þessu tagi, nema með því móti að leggja helminginn af fénu sjálfar.

Þá mætti einnig haga útlánunum til bændanna þannig, að þeir gefi skýrslu og umboð í einu lagi til tiltekinna aðila, t.d. verslunar-fyrirtækja, þar með talin kaupfélögin, sem fá lánað út á þessi gögn. Sú peningastofnun, sem veitir lánið getur síðan fengið 50% lánsfjárins hjá seðlabankanum.

Það er mjög til athugunar, hvort ekki væri rétt að leyfa sparisjóðunum slík viðskipti á þeim stöðum, þar sem ekki eru bankaútibí, t.d. að þeir mættu nota allt að 1/4 eigna sinna á þennan hátt. (Endurkaup seðlabankans þýðir þá aukningu rekstrarfjár þeirra um 25%.)

Hér er ekki farið inn á þá braut að leggja til að lögbjóða þessar ráðstafanir. Það væri örþrifaráð að ætla sér að stjórna útlánastarfsemi bankanna með lagabreytingum, enda mun slíkt fyrirkomulag hvergi þekkjast. Virðist réttastað byrja á því að leita samkomulags við Landsbankann um framkvæmdir.

VI. Fjáröflun til sements- og rafmagnsframkvæmda

Verði þær ráðstafanir, sem ræddar eru hér að framan, framkvæmdar, ætti að fást nauðsynlegt fjármagn til byggingar sementsverksmiðju og framkvæmda í raforkumálum með verðbréfasölu Framkvæmdabankans. Þær tölur og áætlanir, sem fara hér á eftir, miðast við það, að þær nái ekki fram að ganga. Og jafnvel þótt þær gerðu það, mætti að nokkru haga fjáröfluninni í samræmi við þær. Lántaka erlendis myndi og hafa áhrif á þessar áætlanir.

Sementsverksmiðjan

Tafla sú, sem fer hér á eftir, er tilraun til að sýna, hvernig hugsanlegt er að draga saman nægilegt fjármagn innanlands til þess að standa straum af innanlandskostnaðinum.

Tillaga

um öflun lánsfjár til byggingar sementsverksmiðju, 1954 - '56

	<u>1954</u>	<u>1955</u>	<u>1956</u>	<u>1957</u>	<u>Samtals</u>
1. Ríkissjóður (til Framkvæmdabankans)	3.0	5.0	5.0	2.0	15.0
2. Framkvæmdabankinn	3.0	6.0	11.0	8.0	28.0
3. Landsbankinn	1.0	2.0	2.0	-5.0	0.0
4. Útvegsbankinn	.5	1.0	1.0	-2.5	0.0
5. Búnaðarbankinn	<u>.5</u>	<u>1.0</u>	<u>1.0</u>	<u>-2.5</u>	<u>0.0</u>
Samtals	8.0	15.0	20.0	0.0	43.0
6. I.B.R.D.	<u>13.0</u>	<u>13.0</u>	<u>13.0</u>	<u>0.0</u>	<u>39.0</u>
Samtals					<u>82.0</u>

Heildarkostnaðurinn við sementsverksmiðjuna er áætlaður lauslega 82 m. kr. Gert er ráð fyrir að vextir af lánsfé, sem lánað yrði til bráðabirgða meðan á byggingu stæði, yrðu greiddir í einu lagi, ásamt lánsfénu, á fyrsta ári eftir að byggingunni lýkur. Bankarnir 3. - 5. eru sparisjóðsdeildir viðkomandi banka.

Rafmagn

Hér á eftir verðurgert ráð fyrir að verja til héraðsveitnanna um 10 m. kr. á ári. Tæki þá um 12½ ár að láta þau býli fá rafmagn, sem talið er að til mála komi að fá þau með samveitum. Að öðru leyti er miðað við áætlun Jakobs Gíslasonar um framkvæmdir í rafmagnsmálunum næstu 10 árin (30. apríl, 1952). Þetta eru framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna Ríkisins.

a) Fjáröflun

Hér fer á eftir áætlun um fjáröflun og fjárframlög til þess að framkvæma þannig breytta áætlun um raforkuframkvæmdir 1954 - 1963. Miðað er við árlega meðalþörf.

1. Rafmagnsveitur ríkisins í milljónum króna

		<u>þar af hækkun</u>
Raforkusjóður, eigið fé nú	1.0	
" hækkun rafmagnsverðs	1.0	1.0
" raforkusjóðsgjald	4.0	4.0
" fjárlög	5.0	3.0
" Búnaðarbanki, sparifé	1.0	1.0
Framkvæmdabankinn (af hlut bæja)	2.0	2.0
Tryggingarstofnun ríkisins	<u>1.0</u>	<u>- 1.0</u>
Samtals	15.0	10.0

2. Héraðsveitur ríkisins í milljónum króna

Fjárlög til "nýrra raforkuframkvæmda" (3/5 styrkurinn)	6.0	4.16
Búnaðarbankinn, sparifé	1.0	1.0
Framkvæmdabankinn (af hlut landb.)	1.0	1.0
Heimtaugagjöld	<u>2.0</u>	<u>1.33</u>
Samtals	10.0	7.5

3. Einkarafstöðvar

Ræktunarsjóður	<u>0.5</u>	<u>0.5</u>
Samtals	<u>25.5</u>	<u>18.0</u>

Athugasemdir um fjáröflun

Hér fara á eftir nokkrar athugasemdir um einstaka liði fjáröflunaráætlunarinnar.

1) Hækkun rafmagnsverðs. Í áætlun síni telur J. G. æskilegt að auka tekjuafgang veitnanna og segist eiga við nauðsynlega hækkun rafmagnsverðsins.

2) Raforkusjóðsgjald. Þessi liður er hugsaður sem neyzluskattur á þá, sem þegar hafa fengið rafmagn til neyzlu. Þetta er gjald, sem þeir eiga að greiða, sem notið hafa forgangs í rafmagnsmálunum. Þar sem rafmagnið er ekki aðeins þæginda-
auki, heldur einnig ódýrara en önnur orka, þá er bæði sanngjarnt og fjárhagslega réttmætt, að þeir greiði þennan mismunarskatt til þess að stytta biðtíma annarra. Raforkukaup frá diesel-
vélum yrðu undanþegin og sömuleiðis notkun rafmagns til iðnaðar. Það er fyrst og fremst neyzlan, sem á að skattleggjast. Heildar-
sala rafmagns 1953 er áætlað 64 m. kr., en af því er um 1/5 til iðnaðar.

3) Fjárlög. Gert er ráð fyrir að ríkið hækki framlög sín til framkvæmdanna um rúmar 7 m. kr. - úr 4 í 11 m. kr., og er það í samræmi við fjárlagafrumvarpið.

4) Búnaðarbankinn. Gert er ráð fyrir því, að Búnaðar-
bankinn láni Raforkusjóði 2 m. kr. á ári úr Sparisjóðsdeildinni, helming til Rafmagnsveitna ríkisins og helming til Héraðsveitna ríkisins. Árið 1952 jókst sparifé bankans um 16 m. kr., og fyrri helming þessa árs, um 11 m. kr. Þetta fé lánar bankinn yfirleitt ekki í landbúnaðinn, vegna þess hve útlánsvextir þar

eru lágir og útlánstími langur. Með því að Raforkusjóður getur greitt venjulega vexti af fénu, á ekki að vera neitt til fyrirstöðu, að Búnaðarbankinn láni árlega þessa - mjög svo hóflegu - upphæð til framkvæmda, sem er að miklu leyti í þágu landbúnaðarins.


5) Framkvæmdabankinn. Aukin raforkunýting er eitt af stærstu hagsmuna- og velferðarmálum þjóðarinnar. Eins og nú hagar er fátt, sem kemur byggðinni úti á landi, bæði til sjávar og sveita, að jafn miklu gagni og rafmagnið. Það viðhorf bankans að miða starfsemi sína við allt landið myndi koma sérstaklega fram í ráðstöfun sem þessari. Hugsunin er, að þeim þætti 2 m. kr., sem lánað yrði til Rafmagnsveitna ríkisins, yrði varið til framkvæmda fyrir þorpin ^{um} úti/á land, og kæmi því af hlut bæjanna (skv. 8. gr. laganna). Hins vegar fengju Héraðsveitur Ríkisins 1 m. kr. af hlut landbúnaðarins, þar sem dreifing rafmagnsins er fyrst og fremst í þágu sveitanna.

Í þessu sambandi er rétt að benda á það, að með þessu minnkar það fé um 1 m. kr., sem bankinn gæti annars lánað Búnaðarbankanum. Ennfremur er gert ráð fyrir, að Ræktunarsjóðurinn taki á sig að lána þá hálfu milljón króna, sem fer nú til lána til einkarafstöðva.

Eins og stendur lánar Raforkusjóður til bænda, sem kaupa dieselstöðvar samtals kr. 150,000 á ári, en til þeirra, sem setja upp vatnsaflsstöðvar samtals kr. 300,000.

Upphæðir þessar nema um 1/3 kostnaðar. Fyrri upphæðin hefur nægt, en hin síðari reynist heldur of lág. Vextir af lánunum til dieselstöðva nema 4%, en til vatnsorkustöðva 3½%.

Dieselstöðvar kosta um 50,000 kr., en vatnsaflsstöðvar um 75,000 kr. Eins og stendur eru því settar upp rúmlega 20 einkastöðvar árlega í sveitunum.



ÚTVARPSSTJÓRI

*Samko. sentali,
med kveðju*

J.P.G.

r. 24.500.- Hér í heimilisrisna
kr. 1.500,00

r. 11.100.- Hér í heimilisrisna
kr. 1.500.-

13.700.-	kr. 3.906.-
hjónanna í vegna heimilisrisna.	
komu þeirra,	" 13.694.-
endast.	" 2.188.-
	<hr/>
	kr. 19.788.-

Jónas Þorbergsson var frá störfum
þetta ár.

Ár 1952: Risna kr. ~~203~~ 11.203,71 þar af persónuleg risna kr. 6.329,61

ÚTVARPSSTJÓRI

Samb. umtali,
med Koedju

O. J. G.

Jónas Þorbergsson: Risna:

Ár 1949: Vín, tóbak, veizluhald kr. 24.500.- Hér í heimilisrisna
kr. 1.500,00

- - - -

Ár 1950: Tóbak, vín, veizluhald kr. 11.100.- Hér í heimilisrisna
kr. 1.500.-

- - - -

Ár 1951: 1100. fundur útvarpsráðs kr. 3.906.-
Dvalarkostnaður Mockfordshjónanna í
Reykjavík og risna vegna komu þeirra,
sækv. ráðuneytisheimild " 13.694.-
Opnaður nýr sendir Vatnsendast. " 2.188.-
Engin heimilisrisna. kr. 19.788.-
Jónas Þorbergsson var frá störfum
þetta ár.

- - - -

Ár 1952: Risna kr. ~~205~~ 11.203,71 þar af persónuleg risna kr. 6.329,61

- - - -

Stutt yfirlit yfir risnu o.fl. Jónasar Þorbergssonar, útvarpsstjóra.

Ár 1944: Tóbak, vín, veizluhald kr. 8.150,00 Hér í kr. 800.- vegna heimilisrisnu.

.....

Ár 1945: Tóbak, vín, veizluhald kr. 14.400.- Hér í risna vegna 15 ára afmælis útvarpsins, svo og kr. 1.000,00 heimilisrisna.

.....

Ár 1946: Tóbak, vín, veizluhald kr. 13.700.- Hér í kr. 1.000,00 vegna heimilisrisnu.

.....

Ár 1947: Tóbak, vín, veizluhald kr. 17.300.- Hér í risna vegna komu útvarpsstjóra Norðurlanda, svo og kr. 1.000.- heimilisrisna.

.....

Ár 1948: Tóbak, vín, veizluhald kr. 9.600.- Hér í heimilisrisna kr. 1.500,00

.....

1947 (janúar) keypti Ríkisútvarpið Bifreiðina R. 5097 (Jeppa) og bifreiðina R. 3866 (Austin 16). Báða þessa bíla notaði útvarpsstjóri-um skeið-til eigin þarfa, samtímis sem þeir voru notaðir í þágu útvarpsins.

Fyrir og eftir þennan tíma hafði útvarpsstjóri ókeyptis afnot bifreiða frá ýmsum bifreiðastöðvum.



Eftirrit.

Frá

Viðskiptamálaráðuneytinu.

Músanna

Reykjavík, 21. nóv. 1952.

...gt vera kunnugt, hefir nú um nokkurn tíma verið unnið að því að stofna hér sérstakt fyrirtæki, sem á að taka að sér framkvæmd vöruskipta við þau lönd, sem vér getum selt freðfisk til. Er það álit allra, sem rætt hafa þessi mál, að slíkt fyrirtæki sé algjörlega nauðsynlegt. En þar sem ennþá er ekki fenginn sá grundvöllur fyrir stofnun þessa fyrirtækis, sem talinn er nauðsynlegur, hefir stjórn S.H. á fundi 19. nóv.s.l. gert eftirfarandi bókun í því sambandi.

"Frankvæmdastjóri og formaður upplýstu, að í framhaldi af fyrri umræðum um viðskipti við vöruskiptalöndin, væri málið nú á því stigi, að enginn beinn stuðningur lægi fyrir frá ísl. stjórnarvöldum. Af þessum ástæðum gæti S.H. ekki fengið samkomulag við SIS og Verzlunarráð Islands um stofnun heildarsamtaka fyrr en tryggt er, að íslensk stjórnarvöld veiti málinu nauðsynlegan stuðning, og þá fyrst og fremst að þær vörur, sem keyptar verða í vöruskiptalöndunum, verði ekki fluttar inn frá öðrum löndum nema í samráði við stjórn fyrrnefndra heildarsamtaka.

Þar sem mikil nauðsyn er á, að hraða þessum málum, svo afskipun á fiskinum geti hafizt nú þegar, þá beinir stjórn S.H. enn á ný þeirri eindregnu áskorun til hæstv. ríkisstjórnar, að veita málinu nú þegar eftirtalda aðstoð.

- 1) Viðskiptamálaráðuneytið lýsi því yfir, að eigi verði fluttar inn frá öðrum löndum þær vörur, sem fánlegar eru frá beinu vöruskiptalöndunum, nema með samkomulagi við stjórn



Eftirrit.

Frá

Viðskiptamálaráðuneytinu.

Íslands

Reykjavík, 21. nóv. 1952.

gt vera kunnugt, hefir nú um nokkurn tíma verið unnið að því að stofna hér sérstakt fyrirtæki, sem á að taka að sér framkvæmd vöruskipta við þau lönd, sem vér getum selt freðfisk til. Er það álit allra, sem rætt hafa þessi mál, að slíkt fyrirtæki sé algjörlega nauðsynlegt. En þar sem ennþá er ekki fenginn sá grundvöllur fyrir stofnun þessa fyrirtækis, sem talinn er nauðsynlegur, hefir stjórn S.H. á fundi 19. nóv.s.l. gert eftirfarandi bókun í því sambandi.

"Frankvæmdastjóri og formaður upplýstu, að í framhaldi af fyrri umræðum um viðskipti við vöruskiptalöndin, væri málið nú á því stigi, að enginn beinn stuðningur lægi fyrir frá ísl. stjórnarvöldum. Af þessum ástæðum geti S.H. ekki fengið samkomulag við SIS og Verzlunarráð Íslands um stofnun heildarsamtaka fyrr en tryggt er, að íslensk stjórnarvöld veiti málinu nauðsynlegan stuðning, og þá fyrst og fremst að þær vörur, sem keyptar verða í vöruskiptalöndunum, verði ekki fluttar inn frá öðrum löndum nema í samráði við stjórn fyrrnefndra heildarsamtaka.

Þar sem mikil nauðsyn er á, að hraða þessum málum, svo afskipun á fiskinum geti hafizt nú þegar, þá beinir stjórn S.H. enn á ný þeirri eindregnu áskorun til hæstv. ríkisstjórnar, að veita málinu nú þegar eftirtalda aðstoð.

- 1) Viðskiptamálaráðuneytið lýsi því yfir, að eigi verði fluttar inn frá öðrum löndum þær vörur, sem fánlegar eru frá beinu vöruskiptalöndunum, nema með samkomulagi við stjórn



Frá

Víðskiptamálaráðuneytinu.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna

Reykjavík, 21. nóv. 1952.

Viðskiptamálaráðuneytið,
Reykjavík.

Eins og yður mun sjálfsagt vera kunnugt, hefir nú um nokkurn tíma verið unnið að því að stofna hér sérstakt fyrirtæki, sem á að taka að sér framkvæmd vöruskipta við þau lönd, sem vér getum selt freðfisk til. Er það álit allra, sem rætt hafa þessi mál, að slíkt fyrirtæki sé algjörlega nauðsynlegt. En þar sem ennþá er ekki fenginn sá grundvöllur fyrir stofnun þessa fyrirtækis, sem talinn er nauðsynlegur, hefir stjórn S.H. á fundi 19. nóv.s.l. gert eftirfarandi bókun í því sambandi.

"Framkvæmdastjóri og formaður upplýstu, að í framhaldi af fyrri umræðum um viðskipti við vöruskiptalöndin, væri málið nú á því stigi, að enginn beinn stuðningur lægi fyrir frá ísl. stjórnarvöldum. Af þessum ástæðum gæti S.H. ekki fengið samkomulag við SIS og Verzlunarráð Islands um stofnun heildarsamtaka fyrr en tryggt er, að íslensk stjórnarvöld veiti málinu nauðsynlegan stuðning, og þá fyrst og fremst að þær vörur, sem keyptar verða í vöruskiptalöndunum, verði ekki fluttar inn frá öðrum löndum hema í samráði við stjórn fyrrnefndra heildarsamtaka.

Þar sem mikil nauðsyn er á, að hraða þessum málum, svo afskipun á fiskinum geti hafist nú þegar, þá beinir stjórn S.H. enn á ný þeirri eindregnu áskorun til hestv. ríkisstjórnar, að veita málinu nú þegar eftirtalda aðstoð.

- 1) Viðskiptamálaráðuneytið lýsi því yfir, að eigi verði fluttar inn frá öðrum löndum þær vörur, sem fánlegar eru frá beinu vöruskiptalöndunum, nema með samkomulagi við stjórn

heildarsamtakanna.

- 2) Að þessum fyrirhuguðu samtökum verði gert fjárhagslega fært að framkvæma viðskiptin, og enn fremur að tryggt verði, að eigendur fisksins fái hann greiddan við afskipun.
- 3) Þegar fullkomin vitneskja er fyrir hendi um val og verð á hinum ýmsu vörum, sem fáanlegar eru frá vöruskipta- og clearinglöndunum, þá verði búnir til frílistar í samráði við stjórn heildarsamtakanna, sem einungis gilda fyrir þau lönd."

Hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða, sem vér vildum góðfúslega biðja yður um að taka til alvarlegrar athugunar nú þegar.

Afrit af þessu bréfi höfum vér sent hæstv. atvinnumálaráðherra.

Virðingarfyllt,

pr. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna

Eliás Þorsteinsson. /s/

1. Inngangsorð. Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur allra stétta þjóðfélagsins í ríkara mæli en nokkur annar flokkur í landinu. Hefir þetta jafnan verið höfuðstyrkur flokksins, og er því auðsatt að megin verkefni hans hlýtur að beinast að því að samræma hagsmunum og sjónarmið hinna ýmsu óskyldu aðila, er flokkinn skipa.

Hvenær sem flokkurinn missir fótfestu meðal einhverra hinna stærri stétta þjóðfélagsins, glatar hann jafnframt styrkleika sínum og öryggi að meira eða minna leyti. Öllum tiltækum ráðum verður því að beita til að koma í veg fyrir þróun í þessa átt, og verður að telja aðra afstöðu andstaða heill og hagsmunum Sjálfstæðisflokksins.

2. Iðnaður og stjórnmal. Í fullu samræmi við þessi rök, hlýtur Sjálfstæðisflokkurinn að láta sig málefni iðnaðarins miklu skipta, enda hefir jafnaðarlega um einn þriðji hluti landsmanna framfæri af iðnaði, að því er næst verður komist. Í Reykjavík er þó tala þessi nokkuð hærri, líklega full 40 %, og verður ekki komist hjá að álíta, að kjörfylgi og meiri hlutaaðstöðu flokksins í Reykjavík sé í bráðri hættu ef iðnaðarstéttirnar í heild styðja ekki að viðgangi hans af heilum huga og öruggri sannfæringu.

Afstaða Sjálfstæðisflokksins til iðnaðarins hefir undanfarin missiri reynst í framkvæmd fremur óheppileg og um og tillitslaus við hagsmunamál þessa atvinnuvegar.

Er þetta illa farið, og hefir flokkurinn af þessum sökum orðið fyrir nokkru áfalli. Ber brýna nauðsyn til þess að breyta um til hins betra í þessum efnum, og ekki sízt vegna þess, að aðrir flokkar munu hafa fullan hug á að hagnýta sér þessa um efni fram óhægu aðstöðu Sjálfstæðisflokksins.

Eina tiltaka ráðið til að snúa þessarri þróun til rétttrar áttar er, að öllum aðstæðum yfirveguðum, að ganga til móts við samngjarnar óskir iðnaðarins. Þegar svo hefir skipast, tel ég að ekki muni standa á haldgóðri liðveizlu þeirra er eink-
/af hálfu iðnaðarins
um móta stefnuna, við málefni Sjálfstæðisflokksins, enda styrkir fyrri reynsla þessa skoðun.

3. Leið að marki: Um þessar mundir er einmitt starfandi nefnd með það verkefni eitt, að rannsaka vandamál iðnaðarins og gera tillögur til úrlausnar þeim. Nefnd þessa skipa: Ingólfur Guðmundsson, verðgæzlustjóri, formaður, Pétur Samundsen, Eggert Þorsteinsson, Harry Frederikssen og Kristján Friðriksson.-

Þessi nefnd þyrfti að skila álitum sem allra fyrst, helst um mánaðamót Ágúst/September n.k. Vætanlega verða tillögur nefndarinnar með þeim hætti, að mögulegt muni reynast fyrir aðila að aðhyllast þær í verulegum atriðum. Þyrfti því Sjálfstæðisflokkurinn að beita sér fyrir framkvæmd tillagnanna, helst án þess að tilkasta Alþingis komi og notfara sér til þess aðstöðu sína í ríkisstjórn, enda eru margar tillögur iðnaðarins raunverulega fremur smávægileg framkvæmdaatriði, sem auðvelt og réttmætt er að ráða til lykta. Þau atriði sem ekki væri hægt að framkvæma fyrir atbeina Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn, þyrfti að leggja fyrir Alþingi til úrlausnar og flokkurinn þar að gerast flutnings- og forsvarsaðili þeirra mála.-

Til þess að auðvelda nefndinni að ljúka störfum sem

Er þetta illa farið, og hefir flokkurinn af þessum sökum orðið fyrir nokkru áfalli. Ber brýna nauðsyn til þess að breyta um til hins betra í þessum efnum, og ekki sízt vegna þess, að aðrir flokkar munu hafa fullan hug á að hagnýta sér þessa um efni fram óhægu aðstöðu Sjálfstæðisflokksins.

Eina tiltaka ráðið til að snúa þessarri þróun til rétttrar áttar er, að öllum aðstæðum yfirveguðum, að ganga til móts við sanngjarnar óskir iðnaðarins. Þegar svo hefir skipast, tel ég að ekki muni standa á haldgóðri liðveizlu þeirra er eink-
/af hálfu iðnaðarins
um móta stefnuna, við málefni Sjálfstæðisflokksins, enda styrkir fyrri reynsla þessa skoðun.

3. Leið að marki: Um þessar mundir er einmitt starfandi nefnd með það verkefni eitt, að rannsaka vandamál iðnaðarins og gera tillögur til úrlausnar þeim. Nefnd þessa skipa: Ingólfur Guðmundsson, verðgæzlustjóri, formaður, Pétur Samundsen, Eggert Þorsteinsson, Harry Frederikssen og Kristján Friðriksson.-

Þessi nefnd þyrfti að skila álitum sem allra fyrst, helst um mánaðamót Ágúst/September n.k. Vætanlega verða tillögur nefndarinnar með þeim hætti, að mögulegt muni reynast fyrir aðila að aðhyllast þar í verulegum atriðum. Þyrfti því Sjálfstæðisflokkurinn að beita sér fyrir framkvæmd tillagnanna, helst án þess að tilkasta Alþingis komi og notfara sér til þess aðstöðu sína í ríkisstjórn, enda eru margar tillögur iðnaðarins raunverulega fremur smávægileg framkvæmdaatriði, sem auðvelt og réttmætt er að ráða til lykta. Þau atriði sem ekki væri hægt að framkvæma fyrir atbeina Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn, þyrfti að leggja fyrir Alþingi til úrlausnar og flokkurinn þar að gerast flutnings- og forsvarsaðili þeirra mála.-

Til þess að auðvelda nefndinni að ljúka störfum sem

allra fyrst, virðist geta komið til álita að formaður hennar, Ingólfur Guðmundsson, fái leyfi frá störfum um stundarsakir, til að geta starfað eingöngu að þessu verkefni, sem enga bið þolir. Forustuaðstaða. Ef vel tekst til í þessum efnum, myndi Sjálfstæðisflokkurinn hljóta af því mikilli ^hvegsauka, sem auðvelt væri að hagnýta, og myndu málsvarar iðnaðarins verða fyrstir manna til að fagna slíkum málalokum, gleyma örðugleikum og mótgangi liðinna tíma, og launa flokknum liðveizluna á allan tiltækan hátt.

Í þessu sambandi má benda á, að af hálfu ábyrgra stjórnámálanna mun Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra hafa orðið fyrstur manna til þess að ^{leggja} ~~veggja~~ til opinberlega, að rannsókn á málefnum iðnaðarins og aðstöðu allri fari fram. Var þessi sérstaða Sjálfstæðisflokksins undirstrikuð af höfundum þessarar hugleiðinga í grein í Morgunblaðinu hinn 4. marz s.l., en þar segir svo um þetta efni orðrétt:

"Vil ég í þessu sambandi minna á, að nýlega hefir Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra gert iðnaðarmál að umtalsefni á opinberum vettvangi, og raunverulega mótað í veigamiklum atriðum stefnu gagnvart iðnaðinum, sem ég hygg að myndi reynast þjóðinni holl til frambúðar, þegar á allt er litið.----"

Má þannig leiða söguleg rök að forgöngu af hálfu Sjálfstæðisflokksins um réttarbætur iðnaðinum til handa, og myndi það að sjálfsögðu gert, m.a. af undirrituðum. Á þennan hátt eru verulegar líkur fyrir að hægt væri að tileinka flokknum forustuna um þessi ^{mál}, og þarf ekki að leiða getum að mikilvægi þessa.-

4. Þáttaskil í sögu Sjálfstæðisflokksins. Hagsmunabarátta þriggja aðila í Sjálfstæðisflokknum, iðnaðar, sjávarútvegs og verslunar

er án tvímæla höfuðvandamál flokksins um þessar mundir. Í fljótu bragði virðist oft sem þessir aðilar geti ekki átt leiðir saman um mál sín, og hefir hver um sig leitast við að þoka sínum hagsmunamálum áleiðis fyrir milligöngu Sjálfstæðisflokksins, enda hafa málin jafnaðarlega verið flutt á þeim vettvangi án samráðs framan- greindra aðila sín á milli. Hefir af þessu ástandi óhjákvæmilega leitt margháttaðan misskilning á sjónarmiðum hvers og eins þessarra hagsmunahópa. Það sem á milli hefir borið, hefir hinsvegar oft ekki verið meira en svo, að auðvelt myndi hafa reynst að jafna málin ef aðilar hefðu ræðst við og forusta Sjálfstæðisflokksins af sinni hálfu lagt áherzlu á, að samkomulag væri æskilegt.

Ég myndi því telja rétt að Sjálfstæðisflokkurinn hefði forgöngu um að skipa nefnd innan flokksins sem setu ættu í t.d. tveir fulltrúar frá hverjum eftirtalinna félagsheilda: Félagi Íslenskra Iðnrekenda, Landssambandi útvegsmanna, Verslunarráði Íslands. Með nefndinni störfuðu svo skrifstofustjórar eða framkvæmdastjórar þessarra samtaka.

Þessi nefnd þyrfti að fá mjög ákveðin fyrirmæli frá ráðamönnum Sjálfstæðisflokksins um að flokkurinn teldi mikilvægt að nefndin næði samkomulagi um hin ýmsu og ólíku mál, er ^{Samkvæmlega} snerta hagsmuni þessarra aðila, og að þýðingarlaust væri fyrir einn þeirra að leita fulltingis flokksins um framkvæmd mála nema alvarlegar tilraunir hefðu verið gerðar til að sætta alla aðila við hina fyrir- huguðu úrlausn. Til þessarrar nefndar gætu svo aðilar í Sjálfstæðis- flokknum skotið málum sínum og óskað liðsinnis.

Í mörgum tilfellum þyrftu málsaðilar vafalítið að gefa nokkuð eftir af ýtrustu/kröfum sínum, til þess að sættir tækjust hverju sinni. Fullyrði ég að iðnaðurinn myndi jafnaðarlega fús til þess háttar málamiðlunar, og sama er án ^{efn} að segja um þá hina

aðila, sem hér eru taldir eiga hlut að máli, þ.e. sjávarútveg og verslun. Enda er eðlilegt að slíkur háttur sé á hafður, því þessir málsaðilar mega ekki með tillitslausum og einhliða málflutningi og kröfugerðum koma Sjálfstæðisflokknum í vanda, er af kann að leiða minkaður styrkleiki flokksins jafnhliða takmörkun á getu hans um forustu til úrlausnar mikilvægum málum.

Nú um nokkurt árabíl hefir sérstaklega borið á að ýmsir útvegsmenn hafi gætt minna hófs í flutningi mála sinna en æskilegt hefði verið, og virðist sú skoðun alloft hafa orðið ofan á, að útvegsmönnum bæri að fá sem flestum kröfum sínum framgengt, þar eð á starfsemi þeirra hlyti rekstur þjóðarbúsins að byggjast.- Vil ég að vísu á engan hátt mæla því gegn, að starfsemi útvegsins skipti miklu máli fyrir þjóðina í heild, fjarri því, né heldur því, að útvegsmenn hafi í starfi sínu öllu vakandi auga á heill þjóðarinnar. En það hlýtur þó að segjast, að útvegsmenn hugsuð frammar öllu um hag sinn eigin, alveg á sama hátt og aðrir atvinnurekendur, enda er slík afstaða næsta eðlileg og sjálfsögð, og raunar einn af hyrningarsteinum hins frjálsa framtaks.

Sjálfstæðisflokkurinn hefir jafnan, í vaxandi mæli og með lofsverðum árangri, staðið vörð um hagsmuni sjávarútvegs Íslendinga, og er það vel. En af því leiðir, að nærri lagi er að geta sér þess til og gera sér vonir um, að útvegsmenn meti verðuglega þessa vel heppnuðu þjónustu flokksins við hagsmuni þeirra, og að þeir hafi, einmitt af þeim sökum, glöggan skilning á þeirri höfuðnaðsyn, að flokkurinn haldi aðstöðu sinni og eflist til áhrifa á þjóðmálin. En það verða þeir jafnframt að hafa hugfast og sýna í verki að þeir skilji nauðsyn þess, að Sjálfstæðisflokkurinn geti og séð borgið sanngjörnum

hagsmunamálum annarra aðila er treysta á fulltingi flokksins þeim til framdráttar, og er hér fyrst og fremst átt við iðnað og svo verslun.

Ég vil af þessu tilefni geta þeirrar skoðunar minnar, að ég tel skilyrði til góðrar samvinnu milli Fél. Ísl. Iðnrekenda annarsvegar og Verslunráðs Íslands hinsvegar, ekki hafa versnað á nokkurn hátt við úrsögn F.Í.I. úr V.Í.- Að því hlaut að draga, að þetta spor yrði stigið, þar sem svo andstæðir hagsmunir eiga hér hlut að máli, að annar þessarar aðila gat ekki fyrir sakir eðlis málsins gætt hagsmuna hins svo vel færi. Það væri svipað og ef Búnaðarfélagi Íslands væri falið að hafa yfirumsjón með starfsemi Fiskifélagsins. En þessi ágatu samtök geta og eiga að vinna saman sem sjálfstæðir aðilar, og sú hygg ég að sé einnig skoðum margra iðnrekenda.

Ég vil endurtaka þá staðhæfingu, að oft og einatt beri ekki eins mikið á milli um hagsmunamál iðnaðar, sjávarútvegs og verslunar og virðast kann í fljótu bragði og að lítt athuguðu máli. Tel ég fullvíst, að hefði samstarf það, sem hér að framan er gert ráð fyrir, verið komið til framkvæmda, myndi hafa reynst auðið að komast hjá mörgum mistökum og sársaukafullum árekstrum, sem átt hafa sér stað undanfarin misseri.

5. Aukinn styrkur flokksins: Mjög hefir þess gætt að undanfögnu, og af fullvel skiljanlegum ástæðum, að leitað hafi verið liðs hjá einstökum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins til fulltingis málefnum hinna þriggja framangreindu hagsmunahópa, sem æfinlega hafa flutt mál sín sjálfstætt hver og einn á þessum vettvangi. Hefir af þessum sökum óhjákvæmilega myndast nokkur skoðanamismunur og flokkadrættir meðal þingmanna flokksins, og þá ekki síður meðal hlutaðeigandi umbjóðenda þeirra.-

Ef samstarf það, sem nú hefir verið vikið að, kemist á og yrði framkvæmt af fullum heilindum og með styrku aðhaldi ráðamanna Sjálfstæðisflokksins, myndi ein þýðingarmesta afleiðing þess verða sú, að þingflokkur Sjálfst.fl. yrði leystur frá mörgum vanda og honum auðveldað að standa óskiptum saman um liðsinni við fleirri umbjóðendum flokksins en ella myndi. Yrði þannig í hvað ríkustum mæli að veruleika sú ósk flokksins og hugsjón, að stétt standi með stétt, til heilla fyrir Sjálfstæðisflokkinn og þjóðina alla.-

6. Óheppileg grundvallarstefna í landbúnaðarmálum.- Framsóknarþáttur:

Varasamasti og grályndasti andstæðingur Sjálfstæðisflokksins hefir frá upphafi vega verið Framsóknarflokkurinn. Hefir hugarfar þessa lævísa flokks í garð Sjálfstæðisflokksins sízt breytt í geðbekkara horf þótt hann hafi um stund, illu heilli, haft samvinnu um landsstjórn við Sjálfstæðisflokkinn. Hefir vegur Framsóknarflokksins og velgengni Sambands Ísl. Samvinnufélaga sennilega aldrei í þeirra sögu verið meir; en nú, og hefir þessi flokkur orðið sér úti um allmargar skrautfjaðrir í sinn pólitíska hatt sem hann skartar meðal umbjóðenda sinna í sveitum landsins, enda má landbúnaðarinn, eins og nú standa sakir, una hlut sínum mjög sæmilega.

Hinsvegar hefir svo hörmulega tekist til, að atvinnulífið við sjáversíðuna, og þá einkum iðnaðurinn, hefir þolað alvarlegan hnekki, en þau mál öll harkalega umdeild, svo sem alkunna er. Og hér eiga einmitt kjósendur Sjálfstæðisflokksins öllum öðrum fremur hlut að máli og hagsmuna að gæta. Ekki verður sagt að Framsóknarflokkurinn eigi af þessum sökum, pólitískt séð, um sárt að binda, því fylgi hans í Reykjavík og raunar öðrum kaupstöðum landsins hefir hvort eð er aldrei vaxið úr grasi og jafnaðarlega takmark-

-ast af setuliði því, er valist hefir til að gæta hagsmuna og herstöðva Framsóknarflokksins við sjóinn.

Öll hefir hin óheillavænlega þróun í iðnaðarmálefnum undanfarin missiri tekið á sig dapurlega mynd alveg sérstaklega vegna verulegra mistaka í framkvæmd, m.a. af hendi trúnaðaraðila Sjálfstæðisflokksins. Hafa þessir atburðir haft áhrif þeim flokki mjög í óhag, en Framsóknarflokknum hinsvegar mjög á annan veg, eins og líka síðar mun betur á daginn koma. Hefir hér höggvið sá er hlífa skyldi, og tæplega geymir stjórnmalasaga nútímans margar hliðstæður. En ekki skal fremur frekar farið út í þessi mál í einstökum atriðum, enda tilgangslítið að sakast um orðna hluti og liðna tíð og réttara ^{er} vænlegra til jákvæðs árangurs að hyggja að framtíðinni og því sem koma skal. Vil ég ekki gerast til þess að halda sérstaklega á lofti opinberlega því sem miður hefir farið, og torvelða Sjálfstæðisflokknum þannig baráttu sína, enda eiga mörg mistökkin uppruná sinn í skorti á samráði og nauðsynlegri og vinsamlegri samvinnu við forsvarsmenn iðnaðarins.

Tækifæri Sjálfstæðisflokksins. Breytt grundvallarstefna.

Vegna þess að Framsóknarflokkurinn hefir að kalla starfað eingöngu sem bændaflokkur, hefir hann í reyndinni lítt látið sér annt um hagsmuni annarra en bænda. Hefir stefna Sjálfstæðisflokksins í landbúnaðarmálum, illu heilli, verið mjög mótuð af þessum aðstæðum. Hefir í þessum málflutningi verið af hendi Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins verið lögð megin áhersla á eftirfarandi atriði:

1. Að auka framleiðslu landbúnaðarafurða.
2. Að fjölga fólki í sveitum landsins, og skyldu þær taka við því fólki er missti atvinnu við sjávarsíðuna, m.a. annars vegna neiðkvæðs viðhorfs valdhafa til iðnaðarmála.

Hér þarf að athuga ástand og horfur vandlega. Í fyrsta lagi er

Þýðingarlaust að áforma aukningu á framleiðslu landbúnaðarafurða nema samilega öruggur markaður sé fyrir afurðirnar. Þessi markaður er ekki fyrir hendi nema því aðeins að atvinnulífið við sjóinn standi með blóma, og veltur þar ekki hvað minnst á um afkomu iðnaðarins. Á markað erlendis fyrir landbúnaðarafurðir er ekki að tæysta svo á sé byggjandi til langfr^ama, og veldur þar um þestú hinn mikli framleiðslukostnaður hér; mun vera fyrir hendi nokkur reynsla í þessum efnum um sölu á dilkakjöti til Ameríku, en þau viðskipti munu alls ekki hafa gefist eins vel og látið hefir verið skína í af hendi Sambandsins.-

Síðustu missirin hefir auk þess borið á verulegum erfiðleikum með sölu á landbúnaðarafurðum hér innan lands, og má fullyrða að orsök þessa sé atvinnuleysi við sjávarsíðuna. Má getum að leiða hvernig ástandið yrði í þessum efnum ef um verulega aukningu á framleiðslu landbúnaðarafurða yrði að ræða.-

Síðara atriðið, og sízt veigaminna, er svo það, að yfirleitt vilja bændur alls ekki að teljandi fjölgun verði í bændastétt landsins. En þeir óska hinsvegar eftir bættri aðstöðu til að geta stækkað bú sín, og á þann hátt aukið framleiðsluna. Um fram allt óska þó bændur eftir góðum og öruggum markaði fyrir vörur sínar, og mun þessi afstaða þeirra verða skýrt mörkuð innan skamms.

Mikilsvert væri ef Sjálfstæðisflokkurinn vildi gaumgæfilega íhuga þessar staðreyndir, og haga svo málflutningi sínum í samræmi við þær niðurstöður. Flytja jafnhliða mál iðnaðarins og landbúnaðarins, benda á að þessir atvinnuvegir eigi með nokkrum hætti samstöðu, rói á sama báti þótt árar séu lagðar út sitt frá hvoru borði. Leiða rök til þess, að iðnaður og annað atvinnulíf við sjóinn þurfi að standa sig vel, svo þar sé hægt að afsetja

afurðir sveitanna. Benda á að fjandskapur Frámsóknar í garð iðnaðarins stefni afkomu kaupenda landbúnaðarafurða á bráðan voða. Gegn þessari hættu fyrir afkomu sveitanna vilji Sjálfstæðisflokkurinn einmitt vinna.

Hér væri loksins byggð göngufar brú á milli þeirra, er í sveitum búa, og hinna við sjóinn. Þessa samgöngubót hefir undanfögnu skort næsta tilfinnanlega.

Ég álít að ekki geti orkað tvímælis, að Sjálfstæðisflokknum beri að taka upp þessa stefnu og framfylgja henni. Gæti ekki hjá því farið að hún yrði flokknum ^{til}vegsauka og framdráttar, bæði í sveit og við sjó, enda í fullu samræmi við hugsjón flokksins um samstöðu stéttanna.

7. Frambærileg stefna-- Misheppnuð framkvæmd: Ég óska að skýrt komi fram, að því fer fjarri að ég telji stefnu núverandi ríkisstjórnar í viðskipta- og iðnaðarmálum allskostar óheppilega. Er ekki sammjarnt annað en viðurkenna, að af henni hafa leitt ýmsar ekki óverulegar réttarbætur iðnaðinum til handa. Má þar fyrst og fremst tilnefna að auðvelt má nú heita að afla hráefna til framleiðslunnar, og verður þetta vísast aldrei ofmetið. Um það ættu þeir best að geta vitnað, sem um langt árabíl þurftu að berjast við tilfinnanlegan hráefnaskort og stöðva reksturinn af þeim sökum, oft langtímum saman. Þarf ekki að fjölyrða um óheillavænlegar afleiðingar slíks ástands, og trúi ég ekki að iðnrekendur, sem á annað borð voru þá starfandi, gleymi svo auðveldlega hinni áralöngu baráttu við gjaldeyrisyfirvöldin, oft án árangurs, að þeir kunni ekki að meta þá réttarbót sem felst í hinni bættu aðstöðu til hráefna-kaupa, og skapast hefir fyrir aðgerðir núverandi ríkisstjórnar.

Ógæfan sem verið hefir í för með núverandi ríkisstjórn í sambandi við iðnaðarmálin ^{þannig} rekur/ekki ættir sínar fyrst og fremst til óheppilegrar stefnu í þessum málum, heldur á hvatvísleg og ónærgætin framkvæmd hér langmesta sök. Er þetta illa farið, því ég tel að Sjálfstæðisflokkurinn hefði jafnvel getað vaxið af framkvæmd stefnunnar í iðnaðarmálum, ef velvild og góður skilningur hefðu verið þar með í för.

Það er staðföst trúá mín að auðið sé að koma til móts við helstu óskir iðnaðarins án þess að raska svo teljandi sé heildarstefnu ríkisstjórnarinnar í viðskipamálum. Byggi ég þessa skoðun á nokkuð nánnum kynnum af þessum málum nú að undanförmu. En þetta þarf að gera strax, enda yfirleitt um fremur smávægilegar tilhliðranir að ræða, sem auðvelt er að gera.-- Væri ég þess albúinn, að leggja fram lið mitt til að skýra fyrir almenningsi sjónarmið Sjálfstæðisflokksins, bæði með blaðaskrifum og á annan hátt, og leiða einkum athygli að jákvæðum ávinningi af gjörðum flokksins í iðnaðarmálum. Myndi ég einnig leitast við að afla mér góðra samherja til þessarra starfa.

8. Skortur á heppilegu málgagni: Annars á iðnaðurinn fremur fáa málsvara meðal blaða Sjálfstæðisflokksins, þegar "Íslendingur" á Akureyri er undanskilinn. Þannig skrifar "Morgunblaðið" frá eigin brjósti helst aldrei stafkrók um iðnaðarmál, en fjölyrðir hinsvegar í það óendanlega um nauðsyn á eflingu landbúnaðar og fjölgun ~~ur~~ fólks í sveitum landsins, jafnt þótt ekki séu fyrirsjáanlegir möguleikar á að selja einu sinni þær afurðir, sem nú eru þar framleiddar við núverandi aðstæður, og hefir þetta nokkuð verið rætt hér á undan.-

Afstaða Mbl. er því miður ekki æfinlega í samræmi við

stefnu og hagsmuni Sjálfstæðisflokksins. Þannig hefir hvað eftir annað, og nú síðast í forustugrein 31. Júlí, komið fram í þessu blaði sú skoðun, að raunverulega beri að afmá iðnaðinn úr tölu atvinnuvega þjóðarinnar. Þetta heitir að vísu á máli blaðsins "tilfærsla vinnuafls milli atvinnuvega", en þeir sem gjörst þekkja vita vel hvað klukkan slær. Þetta er tæplega í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar og flokksins, og svona málflutningur flytur með sér vonleysi til þeirra, sem kynnu að taka á honum mark. Það hefir oft verið ljóslega sett fram, að iðnaðurinn þarfnast fyrst og fremst skilnings af hálfu valdahafa og þeirra, er bankamálum ráða, og mun þá þokast í betra horf um mál hans.

Skrif Mbl. um rafvirkjanir sem mikilvæga hagsbót fyrir iðnaðinn, láta vægast sagt illa ~~ætti~~ eyrum, þegar mikill hluti iðnaðarins er stöðvaður, ekki vegna skorts á rafmagni, heldur vegna skort skilnings á grundvallarþýðingu hans fyrir afkomu þjóðarbúsins. Iðnaður, sem hefir gefist upp þarf ekki á rafmagni að halda, fremur en aðrir sem af þessum heimi eru horfnir.

Svo virðist sem Sjálfstæðisflokkurinn eigi vöð tveggja kosta: þess annars, að stofna nýtt dagblað, er lúti algjörlega yfirstjórn flokksins, sviðað og "Vörður" á sínni tíð. Hinsvegar að eignast meirihluta af hlutafé "Morgunblaðsins", sem væri án efa æskilegast. En til lengdar verður því tæplega unað, að helsta mál gagn flokksins boði stefnu, sem er andstæð hagsmunum og vilja flokksins.

Um afstöðu "Vísis" til iðnaðarmála vil ég sem minnst ræða. Hinsvegar hefir komið til mála að safna saman í eina heild því, sem þetta blað hefir látið frá sér fara um iðnaðarmál nú undanfarin missiri. Vona ég þó, vegna hagsmuna Sjálfstæðisflokksins, að þessu tiltaki verði afstýrt.

Annars verður hægara um vik að samræma málflutning flokksblaðanna svo að allir megi nokkurnveginn við una, þegar samstarf iðnaðar, útvegs og verslunar, hefir komist á. Hlýtur og viðleitni allra Sjálfstæðismanna að hníga í þá átt, að flokksblöðin hagi málflutningi sínum af virðuleik og festu, í samræmi við stefnu flokksins.

9. Neikvæðir menn--- Stefna fyrirfinnst ekki: Íslensk stjórnmalasaga undanfarna áratugi veitir viðtæka og varanlega fræðslu um dapurleg örlög liðhlaupa úr hinum ýmsu stjórnmalaflokkum, og það eins þótt sumir þeirra hefðu, fljótt á litið, átta að hafa nokkur skilyrði til þess að afla sér brautargengis með þjóðinni. Hygg ég að varfarin afstaða almennings til þessarar upphlaupsmanna stafi fyrst og fremst áf óbeit á aðferðum þeirra til að afla sér fylgis, en þar hafa fyrst og fremst mótast af ruddalegri og ósvífinni gagnrýni á fyrri samstarfsmenn og flokksbræður. Íslendingar hafa yfirleitt aldrei viljað ljá húsaskjól flugumönnum, er hafa það eitt í huga að draga lokur frá hurðum þegar heimamenn eru í svefni.

Ég hefi um nokkuð langt árabíl veitt athygli nokkrum mönnum, litlum hópi að vísu, sem hafa talið sig til Sjálfstæðisflokksins, og fyrrmeir notið fulltingis ^{haus} til nokkurs trúnaðar í hagsmunafélagsskap ýmislegs eðlis. Þar notuðu svo þessir menn aðstöðu sína til þess að gera flokkinn tortryggilegan og vinna honum það ógagn er þeir máttu. Þessi hópur "kennist á reiðskapnum" hvar sem hann fer, og það eins þótt fararskjótinn hafi títt skipt um nafn ("Þjóðólfur", "Vikutíðindi", "Varðberg"), og **reiðmennirnir** lamið fótastokkinn með margbreytilegum tilburðum.

Í eðli sínu öllu eru þessir menn Framsóknarmenn, og ef til vill starfa þeir í nánara sambandi við þann flokk, en almennt er álitíð. Þetta eru neikvæðir menn, fullir af öfundssýki um annarra

hag, en hafa þó sjálfir vel flestir fengið ríkulega deildan verð af hinu sameiginlega matborði þjóðarbúsins. Skiptir þar ekki máli þótt sumum þeirra hafi notast verr að skammtinum en efni stóðu til, vegna anna sinna við hina neikvæðu iðju.

En Sjálfstæðisflokknum stafar engin teljandi hatta af þessum litla hópi pólitískra öfugugga, því þeir hafa ekkert fylgi. Það á að meðhöndla þá með léttri gamansemi og afskiptaleysi, svipað og Winston Churchill prófastinn af Kantaraborg, sem hann taldi ekki "einnar messu virði". Mun þá þessi hópur verða utangátta, og fyrir honum á ekki að opna neinar dyr. Séu þessir menn spurðir um stefnu sína í þjóðmálum, hafa þeir að vonum ekki svör á reiðum höndum, því stefnan er engin. Þeir vilja aðeins velta í rústir, en ekki byggja á ný.

Gagnrýni getur verið til bóta og réttmæt, og þá einnig í garð og á gjörðir Sjálfstæðisflokksins. En til þess að hún komi að haldi, þarf hún að vera sett fram af hreinskilni og drengskap, og í þeim tilgangi að styrkja og sameina, en ekki til að rífa niður og sundurdreifa.

Með bættri og vingjarnlegri framkvæmd Sjálfstæðisflokksins í iðnaðarmálum verður einu helsta árástarefni hinna neikvæðu manna á flokkinn þokað úr vegi. Ég er sannfærður um, að enginn góður Sjálfstæðismaður muni, að athuguðu máli, telja sér annað en vansæmd að því að tilheyra þessari þunnskipuðu fylkingu.-

Í tilefni forsetakosninga: En þótt ég telji það, sem nú hefir verið sagt eiga allskostar við um smáskaruhermennina sem nú var rætt um, gegnir allt öðru máli um þar þúsundir Sjálfstæðismanna sem kusu Ásgeir Ásgeirsson til forseta Íslands hinn 29. Júní s.l. Til þeirrar afstöðu kjósendanna liggja margar orsakir, og verða færstar þeirra taldar upp hér. Tvær þeirra tel ég þó veigamestar:

Í fyrsta lagi, að framboð af hendi Sjálfstæðisflokksins kom svo seint fram, að margir flokksmenn höfðu þá þegar skuldbundið sig til fylgis við Ásgeir Ásgeirsson, einmitt í þeirri trú, með réttu eða röngu, að Sjálfstæðisflokkurinn myndi einmitt styðja þetta forsetaefni. Þessir menn gáta ekki afturkallað skuldbindingar sínar við málstað Ásgeirs Ásgeirssonar nema með því að ganga loforða sinna á bak, og glata þannig heiðri sínum að nokkru. Sjálfstæðismenn eru, sem betur fer, yfirleitt ekki þannig skapi farnir að þeir aðhyllist þesskonar venjur.

Það er að vísu alvarlegt og óheppilegt að til þess skuli hafa komið, að allstór hópur hluti af kjósendum Sjálfstæðisfl. skuli ekki hafa, að þessu sinni, talið sér fært að hlýta ákvörðunum teknum af stjórn flokksins og í samræmi við stjórnskipulög hans. En hér má því til svara, að ég hygg að kjósendur flokksins almennt hafi tæplega gert sér ljósa grein fyrir því, að til væri löggjafarvald innan flokksins bært þess að láta svo mjög til sín taka. Þetta kann að virðast ekki fyllilega sannfærandi, en muna verður þó, að valdbeiting öll er Íslendingum mjög fjarri skapi, og undir hvílir sú afstaða á sögulegum stöðum, enda er sá valdsmaður þeirra á meðal styrkastur í starfi, er ekki þarf að láta mjög skína í eða beita því valdi, sem hann þó hefir undir höndum. Það er virðing og traust þegnanna til þeirra, er um stjórnvöl halda, sem af leiðir gagnkvæman skilning. Af slíkum aðstæðum þarf heimilislíf Sjálfstæðisflokksins einmitt framur öllu að mótast.

Í öðru lagi verður svo ekki komist hjá að segja þann sannleika, að þúsundir manna hafa, beint eða óbeint, átt um sárt að binda vegna atvinnuskerðingar, einkum í sambandi við örðugleika iðnaðarins. Og með því að Sjálfstæðisflokkurinn hefir í ríkisstjórn einmitt haft með höndum mál iðnaðarins, en á þær framkvæmdir verið deilt, hefir þetta bitnað á flokknum í þetta sinn. Er þetta stórilla farið, og

lífsnauðsynlegt flokknum að rétta hlut sinn hið bráðasta í þessum efnum.

Um þann kjósendahóp, sem nú hefir verið rætt um, má þó vafalítið segja, að þeir vilji í sjálfu sér ekki vinna flokki sínum tjón. Gegnir þar í grundvallaratriðum því öðru máli en um neikvæðu mennina, sem vísvitandi vilja skaða flokkinn, en málstaður þeirra var nokkuð rakinn hér að framan.- Munu þessir kjósendur Sjálfstæðisflokksins vart geta hugsað sér að fylla annan landsmálaflokk, nema þá að annarra og meiri tíðinda sé að vanta af flokksins hálfu, en þeirra er nú eru kunn orðin. En flokkurinn þarf með gætni og rólegum málflutningi að vinna aftur það, sem kann að hafa glatast af trausti þessarra aðila til flokksins síns. Íslendingar eru sjálfstæðir í skoðunum, og deilugirni í pólitískum efnum hefir verið hér landlæg svo langt sem sögur greina frá. En þótt Íslendingar berjast á þessum vettvangi stundum nokkuð harkalega og einatt í návígi, er þeim þó yfirleitt best að skapi að kveðja vopnin að hverjum leik loknum, en vera sáttar og fagrar að kalla við andstæðingana. Er þetta í samræmi við alkunnar/leikreglur í íslenskri glímu, íþrótt þjóðarinnar.

Saga þjóðarinnar á liðnum tímum geymir margan kapitula um ~~baréttana~~ baráttuna við náttúruöflin, baráttu þjóðarinnar fyrir lífi sínu og tilveru. Úti um strjálur og dreyfðar byggðir landsins þurftu menn einatt að leggja leiðir um skammdegisríki vetrarins, þar sem vegir voru ógreiðir og lítt varðaðir. Þá glötuðu vegfarendur ósjaldan hinni réttu átt- áttinni/heim. Og þegar húsbændurnar fóru að lengja eftir ferðamanninum, settu þeir einatt ljós í baðstofugluggann til leiðbeiningar þeim, er úti átti sitt stríð. Sannar sögur greina, að einmitt ljósið í glugganum hafi vísað mörgum leiðina heim.

Ég vildi mega gera kjarna þessarrar einföldu frásagnar úr þjóðarlífi Íslendinga að ósk minni til henda Sjálfstæðisflokknnum.

Kjösendurnir sem ekki sáu sér fært að fylgja flokknum að málum hinn 29. Júní, eru með nokkurum hætti/^{staddir} í sporum ferðamannsins. Þeir biða nú eftir því, að þeir sem húsum ráða á heimili Sjálfstæðisflokksins færi ljós í gluggann til þess að vísa þeim hina réttu leið. Myndi vægur og áhrif hins stóra heimilis vaxa af slíkri framkvæmd.-

Helstu niðurstöður:

Ég vil þá í örfáum orðum draga saman helstu niðurstöður af framanskráðum/^{athugunum} ~~athugasemdam~~ mínum:

1. Sjálfstæðisflokkurinn þarf að gata hagsmuna sem flestra stétta þjóðfélagsins.
2. Flokkurinn hlýtur að láta sig málefni iðnaðarins miklu skipta, vegna eigin hagsmuna jafnhliða hagsmunum heildarinnar.
3. Hin stjórnskipaða iðnaðarnefnd þarf að ljúka störfum og skila álitum sem allra fyrst.
4. Forustumenn Sjálfstæðisflokksins vinni að því að koma á fót innan flokksins nefnd, er leitist við að samræma hagsmunabaráttu aðila er standa að iðnaði, sjávarútvegi og verslun.
5. Af auknu og bættru samstarfi andstæðra hagsmunaaðila innan flokksins leiðir aukinn styrk og bætta möguleika til samheldni. Verði af hendi forráðamanna flokksins lögð rík áhersla á, að samstarfið beri jákvæðan árangur.
6. Sjálfstæðisflokkurinn breyti um "taktik" í baráttu sinni fyrir hagsmunum landbúnaðarins, og leggi áherslu á samstöðu bændu og neytenda við sjó, einkum iðnaðarfólks.- Tekið sé og tillit til þeirrar staðreyndar, að bændur óska ekki eftir fjölgun ~~í~~ býla í sveitum, heldur eftir bættri aðstöðu til aukinnar framleiðslu á þeim jörðum, sem nú eru í ábúð.
7. Stefna Sjálfstæðisflokksins í iðnaðarmálum felur í sér

verulegar réttarbætur iðnaðinum til handa. Hinsvegar hefir af misheppnaðri framkvæmd stefnunnar leitt þungar búsigfjar fyrir iðnaðinn.

8. Vekja þarf athygli almennings á ~~jákvæðri~~ afstöðu Sjálfstæðisflokksins til iðnaðar, og sé þetta einkum gert með blaðaskrifum. Bæta þarf og efla samvinnu stjórnar flokksins við þau blöð, er veita honum stuðning. Sé þess vandlega gætt, að stuðningsblöðin haldi ekki fram í aðalatriðum annarri stefnu, en flokkurinn stendur að.

9. Sjálfstæðisflokknum stafar ekki nein teljandi hættu af hinum neikvæðu mönnum, er að undanfögnu hafa reynt að vinna flokknum tjón. Þessir menn verða best gerðir áhrifalausir með jákvæðri stefnu flokksins í iðnaðarmálum, og svo með því að rifja upp fyrir almenningi örlög stjórnmalalegra Miðhlaupa í íslenskri stjórnmalasögu.

10. Skoðanamismun þann, er fram hefir komið í sambandi við ný afstaðnar forsetakosningar ber að jafna sem allra fyrst. Myndu slík málalok, að öllu samanlögðu, henta best hagsmunum Sjálfstæðisflokksins.-

L o k a o r ð: Þessar hugleiðingar eru nú senn á enda. Ég hefi leitast við að setja fram skoðanir mínar á þeim þætti þjóðmálanna, sem sérstaklega tekur til iðnaðarins, með tilliti til afstöðu Sjálfstæðisflokksins. Ég hefi látið í ljós skoðanir mínar af hreinskilni og með þá einlægu ósk í huga, að geta á þennan hátt átt lítinn hlut að því að þoka viðkvæmum, en þýðingarmiklum málum í vænlegra horf.

Ég hefi að vísu talað máli iðnaðarins nú sem endranær, og hlýtur svo að vera vegna afstöðu minnar og skoðunar á þeim efnum. Ég hefi deilt á sitthvað, sem mér finnst miður fara. Þær aðfinnslur eru ekki settar fram af vilja til þess að gera hlut nokkurs aðila lakari en efni standa til, heldur til að leiða athygli að ágöllum sem ennþá

er hægt úr að bæta án verulegt sársauka, og án þess að sundra kjarna Sjálfstæðisflokksins.

Sú er staðföst trú mín, að þjóðfélagi okkar geti ekki til langframa farnast vel, nema því aðeins að öflugur iðnaður sé meðal atvinnuvega þess, enda er þessi reyndin hjá öllum þjóðum sem eru á framfaraleið. Það verður af þessum sökum skiljanlegt að ég telji skipta meginmáli fyrir framtíðarheill Sjálfstæðisflokksins, að hann taki nú föstum tókum á vandamálum iðnaðarins, því ennþá getur hann tileinkað sér forustuna í málsvörn fyrir þennan atvinnuveg.-

Er iðnaðurinn leitar nú í mótgangi sínum og raunum ásjár Sjálfstæðisflokksins, kemur mér í hug saga, sem á sér nú langan aldur, senn hálf aðra öld. Segir hún frá því er völdugur þjóðhöfðingi réði ríkjum í Frakklandi suður, að eitthvert sinn bar þar að garði mann nokkurn, ekki ríkmanlega búinn. En sá hafði meðferðis áætlun, er smíða mátti eftir gufuvél í skip, og vildi hann láta keisara Frakkaveldis þessa uppfinningu fala.

Málaleitan Fultons, því sá var hinn aðkomni, fann þó ekki náð fyrir augum keisarans. En síðar, þegar hinn völdugi maður hafði glatað valdi sínu, horfði hann eitt sinn frá dvalarstað sínum á gufuskip mikið og frítt sigla leiðar sinnar örugglega gegn stormi og sjó. Á því augnabliki varð honum ljóst að veldi hans hafði reynverulega hrunið þann dag, er ráði Fultons var hafnað.

Megi gifta og góðar vættir jafnan vernda Sjálfstæðisflokkinn gegn hliðstæðum örlögum.-

Reykjavík, 2. Ágúst 1952.

er hægt úr að bæta án verulegt sársauka, og án þess að sundra kjarna Sjálfstæðisflokksins.

Sú er staðföst trú mín, að þjóðfélagi okkar geti ekki til langframa farnast vel, nema því aðeins að öflugur iðnaður sé meðal atvinnuvega þess, enda er þessi reyndin hjá öllum þjóðum sem eru á framfaraleið. Það verður af þessum sökum skiljanlegt að ég telji skipta meginmáli fyrir framtíðarheill Sjálfstæðisflokksins, að hann taki nú föstum tókum á vandamálum iðnaðarins, því ennþá getur hann tileinkað sér forustuna í málsvörn fyrir þennan atvinnuveg.-

Er iðnaðurinn leitar nú í mótgangi sínum og raunum ásjár Sjálfstæðisflokksins, kemur mér í hug saga, sem á sér nú langan aldur, senn hálf aðra öld. Segir hún frá því er völdugur þjóðhöfðingi réði ríkjum í Frakklandi suður, að eitthvert sinn bar þar að garði mann nokkurn, ekki ríkmannlega búinn. En sá hafði meðferðis áætlun, er smíða mátti eftir gufuvél í skip, og vildi hann láta keisara Frakkaveldis þessa uppfinningu fala.

Málaleitan Fultons, því sá var hinn aðkomni, fann þó ekki náð fyrir augum keisarans. En síðar, þegar hinn völdugi maður hafði glatað valdi sínu, horfði hann eitt sinn frá dvalarstað sínum á gufuskip mikið og frítt sigla leiðar sinnar örugglega gegn stormi og sjó. Á því augnabliki varð honum ljóst að veldi hans hafði reynverulega hrunið þann dag, er ráði Fultons var hafnað.

Megi gifta og góðar vættir jafnan vernda Sjálfstæðisflokkinn gegn hliðstæðum örlögum.-

Reykjavík, 2. Ágúst 1952.

